

ÞITT
EINTAK

SIRKUS

7. JÚLÍ 2006 | 27. VÍKA



**ERPUR SKRIFAR
FRÁ ASÍU**

**SKÓTÍSKAN FER
HRING EFTIR HRING**

**HVAÐ ER MÖST Í
SUMAR?**

**ERUM
EKKERT
FEIMNAR**

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS AUGLÝSTI Á DÖGUNUM EFTIR TVEIMUR HRESSUM EINSTAKLINGUM TIL ÞESS AÐ STJÓRNA SJÓNVARPSÆTTINUM PÍPÓLA. NÚ HAFU ÞÆR ELÍN VIGDÍS OG SIGURBJÖRG SÆUNN GUÐMUNSDÆTUR VERIÐ VALDAR TIL ÞESS AÐ TAKA AÐ SÉR VERKEFNIÐ.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



VANTAR EKKI
MANNSKAPINN.

DJ PÁLL ÓSKAR HELDUR LIÐINU TRYLLTU

„Það fer að stytta í Gay Pride og er undirbúningurinn á fullu,“ segir Páll Óskar sem sér um ballið og mun þeyta skífum eins og honum einum er lagið. „Hátíðin er 12. ágúst en sjálft ballið er núna á laugardaginn. Gay Pride-hátíðin, Hinsegin dagar, er öll unnin í sjálfböðavinnu. Við leitum fjármagns meðal annars í formi dansleikja og er þetta sá stærsti af þeim öllum, fyrir utan Gay Pride-ballið sjálft. Allur ágóði rennur óskiptur til styrktar Hinsegin dögum. Hver króna skiptir máli. Málið er að við erum fyrst og fremst að halda upp á það að Ísland er fremst þjóða í heiminum hvað varðar mannréttindi samkynhneigðra. Það má meðal annars minna á að 27. júní síðastliðinn var lagabreyting staðfest sem heimilar samkynhneigðum ættleiðingar. Þá er réttur samkynhneigðra para í staðfestri samvist til að ættleiða börn að öllu leyti sá sami og gagnkynhneigðra para, en í hverju tilviki er það að sjálf-söggðu matsatriði þeirra sem um slík mál fjalla hvort slík heimild er veitt, rétt eins og í tilviki gagnkynhneigðra para. Það vantar ekki mikið upp á nema blessun þjóðkirkjunnar. Við höfum líka ríka ástæðu til að kætast. Samkvæmt lögum má segja að það sé best að búa á Íslandi. Ballið verður á Nasa og eins og heyra má höfum við nóg að halda upp á,“ segir Páll Óskar að vonum spennur og í hátíðarskapi. sigga@minnsirkus.is



EINN LITSKRÚÐGASTI DAGUR ÁRSINS



PÁLL ÓSKAR

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með leikjum því það er svo mikilvægt að geta leikið í góðra vina hópi. Það að fara saman í sund, veiða saman, fara í labbitúr, jafnvel bara út í leiki eins og þegar maður var lítill, skilur svo margt eftir sig. Eitt af því sem glemist mjög hér heima eru flugdrekar, þeir eru í fyrsta lagi ótrúlega skemmtilegir, ofsalega skrautlegir og falllegir og oftast er maður með félagsskap. Einn að fljúga og annar að sækja, svo er hægt að skiptast á, hjálpast að og jafnvel fljúga tveimur hlið við hlið, fyrir þá sem eru meiri keppnismenn en aðrir. Allir út að fljúga fludreka því það er kúl!



Sirkus mælir tvímælaust með hestamannamótum. Um síðustu helgi var Landsmót hestamanna haldið að Vindheimamelum í Skagafirði og var alveg brjáluð stemning. Farið að hlakka til mótsins árið 2008.

Sirkus mælir með að fólk njóti útíverunnar á meðan það getur, það er margt hægt að gera og að sjálfsgöngu er besta að finna sér einhver góðan vin eða félag. Eitt af því sem er okkur ofarlega í huga er að fara á línuskauta og taka Ægisíðuna. Það þarf ekki að spyrja að því hvort þú eigir að fara einn eða velja þér línuskautafélagi til að skella þér með á góðum dögum. Línuskautar rokka!



Sirkus mælir með því að láta æskudrauma ræstast. Allir eiga drauma þegar þeir eru ungir en eiga til að gleyma þeim þegar þeir eru orðnir eldri. Hvort sem draumurinn er að fara í fallhlíf-árstökk eða sofa hjá gömlu barnfóstrunni, þá er vert að láta hann ræstast.

SNOOZE SENDIR FRÁ SÉR NÝTT LAG Í DAG

ALLT EÐA EKKERT EFTIR ALLA LEIÐ

Hljómsveitin Snooze sendir frá sér nýtt lag í dag. Lagið sem um ræðir heitir Allt eða ekkert og er eftir þau Kristínu Yri og Brynjar Má. Það var Vignir Snær Vigfússon sem stjórnaði upptökum á laginu og Þorvaldur Bjarni mixaði það og masteraði. Hljómsveitin Snooze hefur verið mikið í sviðsljósinu í sumar eftir að hún sendi frá sér lagið Alla leið og myndband á sama tíma. Þau Brynjar og Kristín hafa verið að spila um allt land við góðar undirtektir. Þá hefur lagið Alla leið hljómað í auglýsingum frá KEA þar sem Smoothie-drykkurinn er auglýstur. Ljóst er að þau Brynjar Már og Kristín Yr eru hvergi bangin við bransann og óhrædd við að fara alla leið. Lagið, sem er nú þegar komið inn á heimasíðu sveitarinnar snooze.is, kemur til með að vera á væntanlegri breiðskífu Snooze sem er væntanleg innan tíðar. Spennum sætisólarnar og förum alla leið.

BRYNJAR MÁR OG
KRISTÍN HAFI
MÖRGU AÐ SNÚAST.



SIRKUS


365


Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Hörður Jóhannesson
hordur.johannesson@365.is
Ritstjóri: Sigríður Ella Jónsdóttir, Hjörvar Hafliðason
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumyndina tók Gunnar Þór af Elinu og Sigurbjörgu úr þættinum Pípola

EFNI

- 6 – Erpur Eyvindarson skrifar frá Asíu
- 7 – Skóttiskan fer hring eftir hring
- 8 – Hvað er algert móst í sumar?
- 12 – Hljómsveitin Sigríður Hjaltalín undir gettóáhrifum
- 16-17 – Erum ekkert feimnar, segja Pípólástúlkurnar
- 18 – Plan B er ekkert Plan B heldur fyrsti kostur
- 19 – Guðlaug Elísabet opnar dyrnar
- 22-23 – Sólglæraugun í sumar
- 27-28 – Allt sem þú þarft að vita um menningar- og skemmtanalíf
- 31 – Fréttastofa Gillz





bianca

Gæði og glæsileiki


Nýbýlavegi 12, Kópavogi
sími: 554 3533

ÞAÐ VAR ÝMISLEGT AÐ GERAST Á DÖGUNUM OG VAR SIRKUS AÐ SJÁLFSÖGÐU MÆTTUR Á ÞAÐ HELSTA. ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ SEGJA FRÁ ÞVÍ EN HAM VAR MEÐ TÓNLEIKA Á NASA NÚNA Á FIMMTUDAGINN. Á KAFFI AMSTERDAM VORU ÞAÐ SVEITIRNAR SKAKKAMANAGE OG HAIRDOCTOR SEM SÁU UM AÐ SKEMMTA FÓLKI SVO UM MUNAÐI.



HAIRDOCTOR

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus-myndir Daniel Rúnarsson

Sirkus mælir svo sannarlega ekki með einni soldið spes plötu sem var að koma á markaðinn. Það er aumingja dísin hún Nelly Furtado sem fer hér alveg á kostum í neikvæðri merkingu ef svo er hægt að segja. Aumingja söngdíván hefur nú gefið út frekar mislukkaða plötu og þeim mun færri sem kaupa diskinn þeim mun fyrr áttar hún sig á því að þetta var ekki málið og kannski, já ég segi kannski beturbætur hún þá næstu.

ROKKAÐ UM ALLAN BÆ



DOKTORINN SJÁLFUR.



RAGGI Í BOTNLEÐJU LÉT SIG EKKI VANTA Á KAFFI AMSTERDAM.



SKAKKAMANAGE.



DRELLARNIR Í FULLU SWINGI.



STEFF GUGUS MEDLIMUR OG LÁRUS PÁLL MÆTTU TIL AÐ HLUSTA Á SKAKKAMANAGE OG HAIRDOCTOR.



HAMSLAUSIR.



MASSASTUÐ.



HUGLEIKUR OG GUÐRÓN MÆTTU Á SVÆÐIÐ.



SIGURJÓN KJARTANSON SÖNGFUGLINN SJÁLFUR.



SIGURJÓN MEÐ SVIPINN.



Sirkus brýnir raustina að þessu sinni þegar við segjum að fjöldaframleiðsla er að gera okkur vitlaus. Þetta er ekkert grín, það er sagt við mann að það séu bara tveir svona kjólar, jakkar eða hvað sem er til á landinu en svo er farið á frumsýningu, í fermingarveislu eða hvert sem er og maður mætir þremur í eins dressi. Það er einnig þannig að það virðist sem að fyrirtækin framleiði lélegri vörur því allt bilar eftir smá tíma. Hafði ekki tekið eftir því að fyrstu Nokia símarir eru enn í lagi á meðan allir hinir eru nánast ónot-hæfir eftir ár. Sirkus fær grænar klíjubólur og miklar áhyggjuhrukkur.



Sirkus er ekki að fíla það þegar hljómsveitir vanda sig ekki við að nefna bandið sitt. Hvers vegna að nefna bandið sitt ljótum eða skrítnum nöfnum eins og Æla, Heitar lummur, Þvag, Nefrennli eða eitthvað annað? Það gefur til kynna hversu langt maður kemst þegar maður nefnir sig einhverri svona vitleysu. Hljómsveitir um land allt takið þetta til ykkar, hugsið ykkur vel um og leggið ykkur fram við að nefna bandið ykkar.



STYLE NO 5



Sjáumst!

**NÝR STAÐUR 101 REYKJAVÍK
TRYGGVAGÖTU 26**

★ BÍLDSHÖFÐI ★ TRYGGVAGATA ★ SKIPHOLT ★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

ERPUR „BLAZROCA“ EYVINDARSON HEFUR VERIÐ Á FERÐALAGI UM ASÍU SÍÐASTA HÁLFA ÁRIÐ ÁSAMT KÆRUSTUNNI ELVU BJÖRK BARKAR-DÓTTUR. NÚ ERU ÞAU KOMIN HEIM Á KLAKANN OG ÆTLA AÐ KYNNA OKKUR FYRIR SÉRVISKU ASÍU.

Einn daginn í Kína ákvað ég að vera smooth á því og bauð kærustunni á stefnumót. Ég veit að hún elskar dýr og kom henni svona líka skemmtilega á óvart með því að detta í dýragarðinn í Sjanghæ. Það fyrsta sem við sáum þarna var dýr sem ég hefði nú hingað til kallað hest en var þegar betur var að gáð mongólskur villirass eða Mongolian Wild Ass. Gaman að vera þannig dýr.

KETTIR Í GLERKÖSSUM

Skyndilega vorum við komin í eitthvað algert ógeð. Gæludýrapartur dýragarðsins þar sem hundar reyndu að gelta sig út úr pínkulitlum búrum og kettir hengu í glerkössum. Risaskjaldbaka sem gat sig ekki hreyft fyrir smápeningum sem mynduðu haug á bakinu á henni. Api sem sat hlekkjaður við tré þar sem hressum gestum dýragarðsins fannst þeir eiga erindi að pota í hann. Snákarnir voru síðan fódraðir á lifandi músum sem var hent niður til þeirra og þar flúðu þær titrandi út í horn búranna og biðu örlaga sinna.

KÆRATAN BILAST

Það sem fyllti mælinn var þegar einhverjir flippaðir Kínverjar fóru að henda kókdósum í tígrisdýrin. Kæratan bilaðist við liðið og strunsaði áleiðis út. Ég gat ekki komist hjá



BRAGDAST EINS OG KJÚKLINGUR
Erpur kjamsar á snák að hætti heimamanna.

ERPUR Í ASÍU

ÞEIT Í DÝRAGARÐINUM Í SHANGHAI

því að skynja að dýrin þarna langaði að vera allt annars staðar. Ég er ekki frá því að pelíkanarnir hafi horft öfundaraugum á kjúklinginn í núðlusúpunni sem ég saup á. Ef dýrin væru örlítið hugmyndaþrjú væru þau eflaust búin að naga sig á púls.

GUANTANAMO FYRIR DÝRIN

Ég gerði mér grein fyrir að ég var ekki í dýragarði, ég var í einhvers konar dýra



DÝRAGARÐURINN Í SJANGHÆ

Erpur og einn fanganna í dýragarðinum.

Guantanamo. Deitið hafði snúist upp í andhverfu sína og kærastan mín yfirgaf mig næstum vegna þessa dýrahelvítis sem ég hafði boðið henni í. Ég sá mörg exótísk dýr í Asíu, mörg dauð, önnur þrælspræk og svo töluvert af dýrum sem daglega óska sér ofan í næsta súpudisk. Lifandi dauð eins og splattermynd í b-klassa. Maður gerir lítið fyrir rottu á



LIBERTAD!
Froskarnir nutu frelsisins vel.

götugrilli í Kína en liðið sem var á biðstofunni þangað var málið.

FRELSI!

Maður hefur heyrt um hópa sem frelsa apa úr skrípasirkusum og kjúklinga sem hafa verið leystir úr verksmiðjubúrum. Nú var komið að mér að bæta upp fyrir þetta dýrpyntingasafarí. Í alþjóðlegum stórverslunum á borð við Carrefour er boðið upp á lifandi skjaldbökur og froska og í því fólst syndaaflausn okkar. Við rúlluðum í hverfisverslunina, frelsuðum tíu risafroska og það kostaði ekki nema 300 krónur íslenskar. Við komum þeim fyrir í tjörn milli húsanna þar sem við hjuggum.

NAKIÐ FÓLK Í EIGIN VESSUM

Daginn eftir voru þeir horfnir. Við fórum aftur í búðina og ég er ekki frá því að þar hafi þeir verið komnir aftur. Varla af sjálfsdáðun. Eða hvað? Kannski áttu þeir erfitt með að venjast lífinu utan veggja kjötborðsins? Kannski fór vel um þá í búðinni? Ég hef séð fólk sem kunnir að meta að liggja í hnoði, nakið í eigin vessum og fannst það æði. Það fólk var reyndar á extasí. En sennilega fóru mökunaröskur froskana í eyrnamerginn á íbúum sem næst bjuggu og lausnin á þeim vanda var bragðmikil. Við skulum samt hafa lærdóminn þann að frelsun heimsins er eilíf.
-Erpur Þ. Eyvindarsson-



GUANTANAMO-FANGELSIÐ
Spurning hvað bangsinn hefur gert af sér.



GANG SIGNS
Erpur kennir nýja vininum réttu handtökin.



REPRESENTAR ÍSLAND
Erpur gleymir ekki hvar ræturar liggja.

HVERNIG VAR 80'S SKÓTÍSKAN FRÁBRUGÐIN SKÓTÍSKUNNI Í DAG, VORU ÁRIN Í KRINGUM 1980 MÁLIÐ EÐA ALGJÖRT FLOPP? SIRKUS FÉKK SPÚÚTNIK MEÐ SÉR Í LIÐ TIL AÐ BERA SAMAN SKÓMÁLIN Í DAG OG HÉR ÁÐUR FYRR. VIÐ FENGUM AÐ GRAMSA TIL AÐ LEITA AÐ EINHVERJU KEIMLÍKU. SIRKUS KOMST YFIR GAMLAN BÆKLING FRÁ SKÓVERZLUN ÞÓRÐAR PÉTURSSONAR FRÁ 1983 SEM VAR VÍST AÐALBÚÐIN Í BÆNUM OG VAR HANN NOTAÐUR TIL SAMANBURÐAR. GETUM VIÐ FUNDIÐ SVIPAÐA SKÓ Í DAG OG Í KRINGUM 1980 EÐA ER EITTHVAÐ ALLT ANNAÐ Í GANGI Í DAG?

TÍSKAN FER Í HRINGI



Mjúkir og góðir kven-skór úr

Barna-stígvél



HLÝIR OG GÓÐIR KULDASKÓR Á KÖLDUM VETRI.



Enskir leðurskór

Tizkustígvél

EKTA HÆLAR SEM ALLIR VERÐA AÐ EIGA EITT PAR AF. ALLTAF Í TÍSKU.



SMÁVEGIS KÚREKA-STÍLL SEM KLIKKAR ALDREI.

Póst deild
SÍMAR 13570 14181

Skóverzlun Þórðar Péturssonar
LAUGAVEGI 95 · KIRKJUSTRÆTI 8



Sértilboð

Gerð góð kaup

ÞESSI TÝPA VAR GREINILEGA EKKI ALVEG INN, ÞRÁTT FYRIR AÐ SKÓR VÆRU FÓÐRAÐIR.



STÍGVÉL EINS OG ÞESSI ERU ALLTAF Í TÍSKU.

HÁU STÍGVÉLIN STANDA ALLTAF FYRIR SÍNU. FRÁ SPÚÚTNIK.

Ítölsk leðurstígvél - Mjög vönduð



ecco



FLOTT MUNSTUR LÍFGA ALLTAF UPP Á SKÓNA.



SNÍÐIN ERU MISMUNANDI FYRIR ALLA

7

HVAÐ ER MÖST Í SUMAR?

SIRKUS FÓR Á STÚFANA OG SPURÐI SÉRFRÆÐINGA HVAF VÆRI ALGJÖRT MÖST Í SUMAR. SIRKUS FÉKK FJÓRA ÞAULVANA VERSLUNARSTJÓRA TIL AÐ SVARA ÞESSARI SPURNINGU SEM BRENNUR Á ÝMSUM. HVAF ER GOTT AÐ EIGA? HVAF ER INNI OG HVERS MÁ MAÐUR EKKI FARA Á MIS VIÐ? SÆDÍS, KRÍA, VALORY OG KRISTÍN SVÖRUÐU ÞESSU ÁN ÞESS AÐ BLIKKA AUGA.

VALORY VERSLUNARSTJÓRI Í VERO MODA.

Sirkus-mynd Heiða



„Sólgleraugu eru algjört möst, þegar maður er að keyra og upp á lúkkið,“ segir Kristín.



„Mér finnst algjört möst að eiga einn léttan sumarjakka til að taka út á hverju sumri,“ segir Valory. „Að sjálf-söguðu er hvítt sumarlegast, ég er búin að eiga þennan í 4 ár og tek hann alltaf fram. Hann er alveg æðislegur,“ segir Valory hæstánægð með jakkann.

„Þetta er kjóll úr Vero Moda, reyndar síðan í fyrri-sumar, en þrátt fyrir það þá er hann uppáhaldið mitt,“ segir Kristín verslunarstjóri í Vero Moda. „Hann er með klassískt snið og algjört æði fyrir útskriftir, brúðkaup og til þess að röltu niðri í bæ á góðum sumardegjum. Ég elska þess og nýti það alveg á sumrin að vera í þessum og kjólum,“ segir Kristín.

Ég keypti þetta bikini í Svipjód fyrir 2 árum og finnst það alveg æðislegt,“ segir Kristín. „Það er alveg nauðsynlegt að eiga nokkur á sumrin og vera dugleg að fara í sund og liggja í sólinni,“ segir Kristín kát með bikinið.

Algjör nauðsyn, lúkkið í sumar er leggiss og stutt þils og þetta er uppáhaldspilsíð mitt þessa dagana og er frá Vero Moda,“ segir Kristín eldhress.



Brúnkrem, vegna þess eins og núna hefur ekki verið mikil sól og þá verður maður að redda sér og fríska sig aðeins upp og gera sig smá sætan,“ segir Kría sem lætur ekkert stoppa sig þó að sólin vilji ekki skína.

„Bikini er nauðsynlegt að eiga, það er alltaf gaman að fara í sund á sumrin og ná smá lit á kroppinn á meðan maður getur,“ segir Kría.



„Ég valdi sandala vegna þess að það er svo nauðsynlegt og gott að lofta aðeins út hjá grey tásunum,“ segir Kría.



„Það þurfa allir að eiga einar flottar gallabuxur á sumrin, algjört möst hvort sem þær eru smá útviðar eða niðurþröngar,“ segir Kría kát.



„Stuttbuxur eru alveg möst, því það er skemmtilegt að sýna smá leggi í sumar,“ segir Kría.



„Línuskautar eru mikilvægir til að halda sér í formi og góðir fyrir rassinn,“ segir Kría.



„Á sumrin er sólin upp á sitt besta og því þarf að passa upp á augun og þá er um að gera að eiga sólgleraugu og helst fleiri en 2. Þetta eru uppáhaldsgleraugun mín en ég fann þau á litlum local-markaði í Flórens, þetta er Christian Dior frá 1970,“ segir Sædís.

„Polla-myndavél er algjört möst. Það er um að gera að taka myndir af öllu því skemmtilega sem gerist í sum- ar, mynda þennan skemmtilega árstíma, allar grillveislur og matarboðin. Þá er hægt í nóvember eða febrúar að skoða myndirnar og muna að það koma aftur góðir tímar,“ segir Sædís og hlær.



„Bikini sem ég get ekki verið án þar sem ég er einmitt að fara til Mexíkó og það verður nauðsynlegt þar,“ segir Kristín spennit fyrir ferðinni.



„Gallajakki sem ég keypti í Kultur sem er rosalega flottur og gott að eiga að eiga í sumar.“

„Disel-gallabuxurnar mínar, frekar týpskt en alveg nauðsynlegt að eiga eitt par,“ segir Kristín.




„Bikinittoppur táknar nokkra sólarbaga sem við ætlum að nýta í sumar,“ segir Sædís hress og kát. „Maður verður að reyna að nýta góðu dagana sem mest í sumar og ef allt klikkar þá bara nota bikinittoppinn undir kjól eða bol, það er alltaf mjög flott,“ segir Sædís.

„Þetta var líka keypt á Ítalíu, en ég hugsa travel light,“ segir Sædís um veskið. „Það er svo gott að vera með litla tösku sem þú kemur símanum, peningum og kannski varalit í. Við þurfum ekki að vera með neitt meira,“ segir Sædís verslunarstjóri í Shoe Studio.



„Þetta er kjóll frá All Saints en málið er að á sumrin finnst mér að við eigum að nýta tækifærið og vera í kjólum. Þegar það koma góðir dagar þá er ekkert eins flott eins og að sjá stelpur í sætum kjólum og ef það er kalt þá er bara að skella sér í sokkabuxur,“ segir Sædís sem er með ráð undir rífi hverju.



„Hvítu stóru perlulokkarnir mínir, finnst þeir svo sumarlegir,“ segir Kristín.



„Bleiki varaliturn minn, mér finnst ég varla klædd án hans og oft þarf bara að fríska aðeins upp á varimar og þá er maður flottur,“ segir Kristín eldhress.

„Þessi valdi ég af því ökklastigvél eru að koma svo sterkt inn og allir ættu að eiga eitt svona par,“ segir Kristín skófan.



„Þessi eru það nýjasta hjá Ozio, en við vorum að fá þessi og mér finnst þau alveg geggjuð,“ segir Kristín.



KRISTÍN Í OZIO Í SMÁRALINDINI.

Sirkus-mynd Stefán

SÆDÍS VERSLUNARSTJÓRI Í SHOE STUDIO.

Sirkus-mynd Heiða





Írskir dagar á Akranesi 7. - 9. júlí 2006

Fimmtudagur 6. júlí

16:00-18:00 Húsasmiðjan býður Skagamönnum í grill og gleði. Kíktu á svæðið og fáðu þér eina með öllu!

20:30 Stórtónleikar á Jaðarsbökkum í boði Glitnis

Frábærir tónleikar þar sem fram koma m.a. hin frábæra söngkona Hera, sjálfur KK og stuðhljómssveitin Ísafold, sem var m.a. hljómssveit hússins í síðustu Idol-keppni. Aðgangur ókeypis!

Föstudagur 7. júlí

13:00-16:00 Stuðningsmannahátíðin Áfram ÍA! á Akratorgi

Stuðningsmenn ÍA koma saman á Akratorgi og safna liði fyrir leikinn mikilvæga gegn Grindavík! Andlitsmálun og aðrar skreytingar til að byggja upp réttu stemninguna.

14:00 & 15:30 Atriði úr hinu frábæra leikriti Benedikt búalfur og trúðar skemmta börnunum.

Knattþrautir og fótboltamark í boði OgVodafone og fleira skemmtilegt.

Nettó og Borgarnes-kjöttvörur bjóða öllum í grill. Hægt verður að ganga í stuðningsmannalið ÍA og kaupa miða á leikinn.

16:00 Skrúðganga fer frá Akratorgi og upp á Jaðarsbakka þar sem boðið verður upp á stuð og skemmtun þangað til leikurinn hefst kl. 18:00 (Ath. breyttan leiktímal).

14:00 - 18:00 Markaðsstemming á útmarkaði á Jaðarsbökkum.

16:00 GO-KART á planinu fyrir framan Stjórnsýsluhúsið

15:00 - 20:00 Risatívoli frá Sprell á Jaðarsbökkum

18:00 IA-GRINDAVÍK

22:30 Kvöldvaka á Þyrlupallinum

Ekta fjöldasöngur undir öruggri stjórn söngfólks af Skaganum og varðeldur ef veður-leyfir. Ekki missa af þessu! Hljómssveitin Rósin okkar heldur uppi írskri stemningu og kemur öllum í rétta girinn. Fjórið heldur áfram í magnaðri írskri stemningu á Galito fram á nótt!

Laugardagur 8. júlí

Opna Guinness mótið hefst á Garðavelli.

10:00 Sæpotuleiga (Jet-Ski) á Langasandi

11:00 GO-KART á planinu fyrir framan Stjórnsýsluhúsið

11:00-18:00 Risatívoli frá Sprell á Jaðarsbökkum allan daginn.

10:30-12:00 Sandkastalakeppni á Langasandi í boði SS verktaka og Húsasmiðjunnar. Glæsilegir vinningar! Formaður dómnefndar er Steve Christer, arkitekt sem meðal annars hannaði Ráðhús Reykjavíkur!

11:00-13:00 Dorgveiðikeppni á "Sementsbryggju" í umsjón Sjóstangaveiðifélagsins og verslunarinnar Módel á Akranesi. Glæsilegir vinningar!

13:00 "Bylgjan á puttanum" í beinni frá Akranesi.

14:00-16:00 Kengúran 2006 - spennandi keppni í trampolínstökki á Jaðarsbökkum. Glæsilegir vinningar!

15:30 Listflug - glæsileg tilþríf í háloftunum (ef veður leyfir)

15:45 Dean Ferrell sýnir brot af tónlistargjöfningi sínum sem fram fer á Safnasvæðinu á Görðum seinna um kvöldið.

16:00-16:30 Hin árvissa keppni um Rauðhærðasta Íslendinginn.

14:00-16:00 Kassaklifur og aparólan vinsæla á Jaðarsbakkasvæðinu

13:00-17:00 Smábílaklúbbur Akraness sýnir listir sínar!

13:00-14:00 Frítt í sund í boði OgVodafone, þrautabraut fyrir krakkana!

13:00-17:00 Ferrari rafmagnsbílar í boði OgVodafone á Grundaskólalóðinni

15:00-18:00 Skagarokk 2006 í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum.

Ten Sing hópurinn kemur fram.

11:00-17:00 Sítabíllinn mætir á svæðið. Hægt verður að fara í Hackey Sack leikinn eða "Haltu boltanum á lofti" o.m.fl. í boði Símans og Pennans á Akranesi.

14:00-17:00 Glæsilegir amerískir eðalkaggar frá Bílaklúbbnum "Krúser" til sýnis á Grundaskólalóðinni (ef veður leyfir).

14:00-16:00 Strandblak-keppni á Þyrlupallinum. "Smassaðu" þig til sigurs!

14:00-17:00 Götukeppni í fótbolta á sparkvellingum á Grundaskólalóðinni. Hverjir eru eiginlega bestir? Jörundarholt, Tindafliot eða Furgrund? Skráning á staðnum.

Glæsilegir vinningar!

14:00-16:00 "Hittnasta amman" í körfu á Jaðarsbakkasvæðinu! Áfram amma!

Skráning á staðnum. Glæsilegir vinningar!

Sniglarnir mæta á svæðið, taka rúnt um bæinn og stoppa á Jaðarsbakkasvæðinu en halda svo á Safnasvæðið (ef veður leyfir).

Sirkuskunstir, eldgleypar o.m.fl.. Götuleikhús Skagaleikflokksins setur skemmtilegan svip á bæjarlífið á meðan á hátíðinni stendur.

15:00 Listasetrið Kirkjuhvoll - opnun listsýningar á verkum eftir nýútskrifaða nema frá Listaháskóla Íslands.

15:00 Samsýningin "Nær og fjær" - Glöggar systur í samstarfi við Púls 68. Sýnd verður myndlist, leirlist, ljósmyndir, skulptúrar og hönnun í stofunni í Bakkatúni 20 á Akranesi (á milli Bíóhallarinnar og Slíppsins). Listakonurnar eru vinkonur, frænkur, skólasystur og systur. Þær búa á Akureyri, Ísafirði, Reykjavík, París og Akranesi og nálgast viðfangsefni sín ýmist í mikilli nánd eða fjarlægð.

18:00-22:00 Írsk menningarvaka á Safnasvæðinu

Hin írskættaða Pauline McCarthy verður á Safnasvæðinu að Görðum, syngur, eldar írskan mat og margt fleira! Með henni í för verða írskir tónlistarmenn.

20:30 Dean Ferrell verður með sýningu, n.k. tónlistargjöfningi í Garðakaffi.

Lopapeysan 2006 - Útihátíð Írskra daga

Paparnir og Todmobile halda uppi fjörinu! Stærsta og magnaðasta ball ársins á Íslandi!

Sunnudagur 9. júlí

10:00 Sæpotuleiga (Jet-Ski) á Langasandi

11:00-16:00 GO-KART á planinu fyrir framan Stjórnsýsluhúsið.

Listasetrið Kirkjuhvoll - sýning á verkum eftir nýútskrifaða nema frá Listaháskóla Íslands.

Sýningin að Bakkatúni 20 hjá Jóhönnu Leópoldsdóttur ásamt frænkum og vinkonum heldur áfram.

Safnasvæðið að Görðum opið allan daginn.

Ath! Frítt í Strætó frá Reykjavík á Írskum dögum á laugardaginn 8. júlí!

Nánari upplýsingar:

www.irskirdagar.is

KVEÐJUR FRÁ VIGUR

Það er alltaf skemmtilegt að fá að hnýsast smávegis, hver veit hvaða gersemi við munum finna og sjá hverju sinni. Að þessu sinni fengu við að kíkja í kistuna hjá Aðalheiði Halldórsdóttur dansara. „Það er alltaf nóg að gera og ég er búin að vera á fullu en nú er ég úti á landi í smá leiðangri,“ segir Aðalheiður sem dettur í þeim töluðu orðum út. „Það er frekar lélegt símasamband en við reynum þetta. Ég er á Vigur og nú er kría eitthvað að ibba gogg á mig,“ segir hún og skellir upp úr. Þar sem símasambandið er eins og það er og þar með lítið hægt að spjalla ljúkum við símtalinu um leið og allt er komið. Réttara sagt símtöluþingur þar sem hún datt út margoft á meðan á viðtalinu stóð. Góða skemmtun á ferðalaginu! Það má með sanni segja að það sem Aðalheiður geymir og á á sér skemmtilega sögu og vekur upp hinar ýmsu spurningar.

sigga@minnsirkus.is



AÐALHEIÐUR OG HAKI SONUR HENNA
 „Þetta er ég og Haki sonur minn sem er upphaldið mitt. Ef hann væri hlutur, þá hefði ég að sjálfsögðu valið hann númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Aðalheiður og hlær. „En ég lét taka mynd af okkur á upphaldinu mínu, sem er hjólið mitt sem ég keypti mér þegar ég bjó í Hollandi og var í námi. Ég keypti það á brú í Amsterdam á 1.500 kr. en ég lét flytja það með mér heim því mér þykir svo vænt um það. Það eru engir girar og soldið hægfare bremsa á því en ég er ekki mikið fyrir þessi fjallahjól með 30 girum. Það eina leiðinlega hér heima er að það ryðgar svo mikið út af endalásar rigningar og þoku,“ segir Aðalheiður ánægð með hjólið góða.

KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA

Sirkus mynd Vilhelm

„Ég ákvað að hafa stokkinn minn góða því mér finnst hann svo skemmtilegur. Þetta er líka frá henni ömmu Heiðu en málið er að hún var hjúkrunarkona og hefur örugglega fengið hann að gjöf. Það er svo skemmtilegt að það er búíð að sauma í hann íslenska fánann. Hér má aftur sjá hversu ólíkur endingartími hluta hér áður fyrr var því sem er í dag, ótrúlegt að það hafi verið saumað í eldspýtu-stokk,“ segir Aðalheiður.



„Ég ákvað að láta taka mynd af myndaveggnum þar sem mér þykir svo vænt um hann. Það er svo gott að kíkja bara á vegginn og sjá sína nánustu, þetta er pabbi, afi Hössi, allir nánustu vinir og ættingjar hans Davíðs kærastans míns. Ömmur, afar, frændur og já, bara allir sem okkur þykir svo vænt um.“

„Ketillinn góði er alveg mitt upphald, úr japönsku pottjárnri, en málið er að mig er búíð að langa svo lengi í svona ketil, kannski í svona 6–7 ár. Ég er búin að vera að leita mjög mikið bæði hér heima og svo erlendis en aldrei fundið hinn eina sanna. Ég eignaðist þennan núna í vor á litlum markaði í Berlín og er ekki búin að gera neitt annað en drekka te síðan ég eignaðist hann, loksins, loksins,“ segir Aðalheiður tetrykkjukona.



„Þessar gersemar eru líka frá ömmu minni, þetta er púðurdós sem amma átti. En það sem er svo sniðugt við þetta, fyrir utan hvað þetta er fallegt, er að þetta er svona til að setja áfyllingu í. Þetta er ekki einnota eins og allt í dag heldur er ending í þessu, þetta á að endast eins og það var allt annað endingargildi í öllu í gamla daga. Hitt er svo varalitur sem mér þótti svo æðislega gírmilegur þegar ég var lítil. Hann var svona þykkur og mikill og ef þú settir hann á þig á föstudegi þurftirðu að þurrka hann af á mánudegi. Ömmu var örugglega gefinn hann þegar hún var ung en hann er búinn í dag og það er letrað á botninum á honum: New York,“ segir Aðalheiður sem á svo sannarlega skemmtilega og athyglisverða hluti.



„Þessar grifflur eru svona um úlnliðinn, en góð vinkona mín hún Oddný Ólafsdóttir þrjónaði þær. Oddný er langamma stráksins míns og eru grifflurnar soldið mikið upphald hjá mér. Ef ég er ekki með þær á mér þá er ég með þær úti í glugga sem skraut. Þær eru bara svo ótrúlega fallegar og vel þrjónaðar og gera svo mikið fyrir heildarlúkkjó,“ segir Aðalheiður glöð með grifflurnar.



„Þessar bækur eru mitt upphald, þetta er 1001 nótt, en þær erfði ég frá ömmu minni, henni Aðalheiði Jónasdóttur. Hún var mér kærust og okkur þótti ofsalega vænt hvorri um aðra. Alltaf þegar ég kom í heimsókn til hennar las hún upp úr þessum ævintýrum fyrir mig og eru þau frá 1945. Ég vil endilega nota tækifærið og auglýsa hér með eftir fyrsta bindinu. En mér finnst æðislegt að hafa eignast þessar bækur,“ segir Aðalheiður um bækurnar.



„Þessar brúður eru frekar fátæklegar en þær skipa stóran sess í lífi mínu, mamma lék sér við þær þegar hún var lítil og þá vantaði líka lappir á þær. Hún lék sér við þær um 1960 en þá voru þær mun eldri en hún þar sem mamma fékk þær frá systur sinni og hún mögulega frá föðursystur sinni. Þannig að það er búíð að dútla mikið við þær.“

„Þetta er litli járnkarlinn sem hann Hörður Freyr bróðir minn litli gerði. Hann fönðraði þennan járnkarl þegar hann var í myndlist í skólanum og gaf mér. Ég hef hann alltaf úti í glugga hjá mér því hann er svo skemmtilegur og flottur. Ég og bróðir minn erum góðir vinir og ég er búin að eiga járnkarlinn litla í nokkur ár,“ segir hún stolt af litla bróður.

Arthúr

GOTH



VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MED
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölma Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum



Sirkus-mynd Vilhelm

SMÁ GETTÓFÍLINGUR ÚR BREIÐHOLTINU

HLJÓMSVEITIN SIGRÐUR
HJALTALÍN ER MEÐ
TÓNLISTARVÍÐBURÐI Í
BÆNUM Í SUMAR.

„Við erum fjögur saman en söngkonan heitir Sigríður og svo erum það við strákarnir; Guðmundur Óskar, Hjörtur Ingi og Högni.“ segir Guðmundur Óskar hress og kátur.

ÖLL Í HAMRAHLÍÐARKÓRNUM

Hvað er Sigríður Hjaltalín?

„Við erum á vegum skapandi sumarstarfs hjá Hinu húsinu. Við erum að vinna við þetta í sumar og stofnuðum hljómsveitina Sigríði Hjaltalín í kjölfarið á því. Við þekkjumst úr Hamrahlíðarkórnum en við vorum öll þar. Sigga og Högni hafa lokið sinni skólavist en við Hjörtur Ingi erum eftir.“ segir Guðmundur sem saknar félaganna.

Hvernig músik spilar Sigríður Hjaltalín?

„Við spilum svona skemmtilega popptónlist í bland við frumsamda tónlist. Við erum allveg með nokkur og erum bæði myndin og dramatísk.“ segir Guðmundur um tónlistina.

JÓLAPLATA AÐ BAKI OG UPPTÖKUR Í AÐSIGI

Hvers vegna heitir bandið Sigríður Hjaltalín?

„Við strákarnir erum í hljómsveit sem heitir Hjaltalín sem er rokkhljómsveit og svo þegar Sigríður bættist í hópin varð nafnið Sigríður Hjaltalín.“ segir hann.

„Hljómsveitin var stofnuð um síðustu jól, þá gáfum við út litla jólaplötu fyrir allra nánustu. Hún var í 100 eintökum, svona heimatilbúin jólaplata með jólalögum í bland við frumsamið.“ segir Guðmundur um fortíð bandsins. „Við munum leggja í upptökur í nánustu framtíð og svo bara gerist eitthvað.“ segir Guðmundur um framtíð bandsins.

„Við erum flest úr bænum en Hjörtur býr í Breiðholti þannig að það eru smá gettó-áhrif í hljómsveitinni, en við höfum samt ekki enn tekið lagið In The Ghetto, við þurfum bara aðeins að útfæra það fyrst.“ segir Guðmundur að lokum.

sigga@minnsirkus.is



GUÐMUNDUR
VÍGALEGUR
AÐ VANDA



SIGRÐUR SÖNGKONA



HJÖRTUR INGI



HÖGNI HÖNK

HASSELHOFF ER KONGURIN Á ALNETINUM

Hóast David Hasselhoff er væl eldri enn Brad Pitt, so er hann betur umtóktur á alnetinum. Ein kanning sum enska felagið Pipex hefur gjört, vísur at tað eru fleiri sum vilja lesa um David Hasselhoff enn um nakran annan. Sostatt er hann kongurin á alnetinum. David Hasselhoff er longu í Guinness metbók sum tann mest sædda sjónvarpsstjornan. Top 5: Menn: 1. David Hasselhoff, 2. Brad Pitt, 3. Robbie Williams, 4. Arnold Schwarzeneger og 5.



12

Michael J. Fox Kvinnur: 1. Britney Spears, meðan tær báðar Paris Hilton og Victoria Beckham deilast um annað pláss-ið, 3. Angelina Jolie, 4. Kate Moss og 5. Charlotte Church.



HÓAST DAVID HASSELHOFF ER VÆL ELDRÍ ENN BRAD PITT, SO ER HANN BETUR UMTÓKTUR Á ALNETINUM.

FAREYSKA FRÉTTIN



ATH
NETVERSLUN
www.hvellur.com

FUJI FJALLAHJÓL
VARIST EFTIRLIKINGAR!

Add dirt
And Stir


Good design can be complicated.
But better design is often quite simple.



Bicycles Since 1899


www.fujibikes.com

Hvellur | G. Tómasson ehf. | Súðarvogi 6 | 104 Reykjavík | www.hvellur.com | s.577 6400



JHONNY SEXUAL, TVEIR HEITIR.

ÞAÐ ER ALLTAF NÓG AÐ GERA OG MARGT UM MANNINN Í SPÚÚTNIK Á LAUGAVEGI, FYRRVERANDI VEITINGASTAÐURINN ER ORÐINN MIÐSTÖÐ TÍSKUGÚRÚA LANDSINS OG SKEMMTILEGRA ATBURÐA UM HVERJA HELGI. SPÚÚTNIK FÉKK GESTI TIL AÐ SKEMMTA MEÐ POMPI OG PRAGT NÚNA Á LAUGARDAGINN OG EKKI VANTAÐI MANNSKAPINN.



TALHÓLF FRÆGA FÓLKISINS...

HUMMANDI TÖFFARI


Talhólf tattu-meistarans Fjölínis Geirs Bragasonar er svohljóðandi:

„Hmm...“

Þetta er stuttaraleg og ekki beint innihaldsrík talhólfskveðja hjá þessum magnaða fyr. Þessi kveðja myndi fá falleinkunn ef hún væri ekki í svona fáránlega miklum takti við persónuleikann sem á þennan síma. Fjölínir er alveg týpan til þess að hafa talhólfskveðjuna sína „humm..“ og því er ekki hægt að gefa honum reisupassann fyrir slíkt. Hann er bara eins og hann er.

★★★★☆

MARGT UM MANNINN



JHONNY SEXUAL Í GÓÐUM GÍR.



HAUKUR OG MÁR HRESSIR AÐ VANDA.



NÓT Í HLJÓMSVEITINNI LEAVES OG JÓEL ÁSAMT NRESSUM GAURUM.



VÁ, SOLDIÐ HISSA.



HAFRÚN OG JÓHANNA SPÚÚTNIK- OG ROKK OG RÓSA-ÞÆJUR.



KRUMMI, IMBA OG ELLEN Í LAUGARDAGSFÍLINGI.



EINBEITTIÐ ÁHORFENDUR.

Jhonny sexual kom, sá og sigraði með alvöru sjóvi í versluninni Spúútnik núna á laugardaginn. Strengdur alvöru tækjum og tólum tók hann lagið ásamt Sigga tónlistarvini. Þetta var alvöru partí með öllu tilheyrandi og það besta er að þetta var einungis byrjunin á partísumri. Down Town er alltaf eðalstuð!



GUÐFINNA, ESKIMO MODELS



HELGA, ESKIMO MODELS

RÉTT SKAL VERA RÉTT

Það er stundum þannig að manni yfirsétt hitt og þetta, í þessu tiltekna máli gleymdist eitt í síðasta tiskubætti. Það komu fram ljósmyndari, módel og stíllistar en gleymdist að segja hver sá um föröun og hár. Því vill Sirkus að rétt skuli vera rétt: ljósmyndari: Heiða Helga, stíllistar: ás – Ása Ottesen og Sigga Ella, hár og makeup: Björg Alfredsdóttir Emm School Of Make Up, módel: Eskimo, Helga og Guðfinna.

SIRKUSTVÍFARAR

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

ÞARFT EKKI AÐ LEIGJA ÞÉR GAMANMYND

Á metacafe.com er allt að gerast, þar er alltaf nýtt efni, vídeó vikunnar og dagsins í dag. Þetta er bæði fræga fólk að gera skandal eða þá bara óheppnir kjánar úti í bæ. Þetta minnr bara á gömlu góðu laugardagskvöldin þegar maður sat í faðmi fjölskyldunnar og horfði á Fyndnar fjölskyldumyndir með hinum stórsnjalla Bob Saget. Velliðunargæsa-hrollur fer um mann allan, manni hitnar í maganum og maður hugsar: Vá, hvað allt var þægilegt og gott í gamla daga. Komið ykkur vel fyrir fram- an við skjáinn jafnvel með popp og RC-cola við hönd. Remember the good old days!!!



FRÍÐRIK ÓMAR HJÖRLEIFSSON



ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR

Tvífarar vikunnar eiga margt sameiginlegt annað en útlitið. Þau Friðrik Ómar Hjörleifsson og Alma Guðmundsdóttir eru bæði söngvarar og þekkjast meira að segja. Friðrik Ómar var lengi vel raddþjálfari stúlkanna í Nylon-flokknum og á því mikinn þátt í velgengni þeirra á erlendri grundu. Þau eru bæði ljós yfirlitum og vinalæg í útliti. Alma er þó með mun dekkri augnabráunir en Friðrik Ómar sem er með nánast engar. Þar liggur munurinn einna helst.

BLANX tannhvíttunartyggjó*



**Tyggðu blettina burt
og verðu þig gegn
tannskemmdum**



*Inniheldur m.a. xylitol, natron og heimskautamosa, sem vinna á tannblettum eftir matarleifar, kaffi, te og nikótín, draga úr tannskemmdum og gefa ferskan andardrátt.

Fæst aðeins í verslunum

Lyf og Heilsu og **Lyfjavals**

ERUM EKKI MJÖG FEIMNAR

FYRIR NOKKRUM VIKUM HÓF SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS AÐ LÝSA EFTIR FÓLKI TIL ÞESS AÐ STJÓRNA SJÓNVARPSÞÆTTINUM PÍPÓLA. ÁHUGASAMIR ÁTTU AÐ SÆKJA UM Á MINNSIRKUS.IS OG SÓTTU FLEIRI HUNDRUÐ MANNS UM STARFIÐ. NÚ HAFU ÞÆR ELÍN VIGDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR OG SIGURBJÖRG SÆUNN GUÐMUNDSDÓTTIR VERIÐ VALDAR TIL AÐ STÝRA ÞÁTTUNUM SEM HEFJA GÖNGU SÍNA FIMMTUDAGINN 13. JÚLÍ.

Fyrir nokkrum vikum var farið að auglýsa eftir tveimur fátánlegum hrossum aðilum til að stjórna sjónvarpsþættinum Pípóla á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Hundruð manna sóttu um en nú hafa tvær stúlkur verið valdar til að stjórna þættinum. Bládamadur mælti sér mót við stelpuþrippin á Barnum við Laugaveg 22.

VINIR ÚR MR

Stúlkurnar tvær heita Sigurbjörg Sæunn Guðmundsdóttir og Elín Vigdís Guðmundsdóttir. Þær eru ekki systur en góðar vinkonur – eða bestu vinkonur. Þær kynntust í MR. „Já eins ólíklegur staður og það er fyrir okk-

„VIÐ ERUM SAMT EKKI AÐ ÞESSU BARA TIL ÞESS AÐ KOMAST Í SJÓNVARPIÐ HELDUR BARA TIL ÞESS AÐ PRÓFA EITTHVAÐ ALLT ANNAD.“

ur að kynnst á,“ segir Elín Vigdís og Sigurbjörg tekur upp þráðinn. „Við vorum saman í bekk í heilt ár án þess að tala saman og svo bara árið eftir gerðist eitthvað.“ Elín segir að þær stöllu hafi „lifað MR af“ út af hvort annari.

Var svona leiðinlegt þar?

„Nei alls ekki,“ segir Sigurbjörg. „Mér fannst alveg fínt en ég var komin með nóg undir lokin og var tilbúin að flýja land,“ segir Elín. Eftir menntaskóla hafa stúlkurnar verið óaðskiljanlegar og fóru meðal annars í ferðalag um Suður Ameríku.

ÓSKILJANLEG EFNISTÖK

Stúlkurnar eiga vægast sagt erfitt með að útskýra efnistöð þáttarins. Þær vita þó hverju þær vilja koma á framfæri. „Okkur

langar að vekja athygli á öðrum hlutum en hafa verið í sjónvarpi hingað til. Kryfja samfélagið,“ segir Elín og Sigurbjörg tekur við. „Þegar við vorum að ferðast um Suður-Ameríku þá fylgdumst við oft með fólki og reyndum að ímynda okkur að við værum þetta fólk. Ímynda okkur hvað það gerir og annað í þeim dúr. Reyna að skilja það,“ segir hún en bládamadur er engu nær um efnistöð þáttarins og stelpurnar sjá það. „Ég held að ef að fólk myndi horfa á hann þá fæti það hvað við erum að tala um,“ segir Sigurbjörg og hlær.

ÞYRSTAR Í ATHYGLI

Stúlkurnar eru ófeimnar og eru óhræddar við viðbrögð almennings við þættinum. „Okkur finnst yfirborðskenn í mörgu sem hefur komið fram og allir hræddir við hvað öðrum muni finnast. Þannig að okkur langaði að gera eitthvað algerlega nýtt,“ segir Elín.

Þið eruð ekki feimnar?

„Nei við erum ekki mjög feimnar. Allavega ekki hún,“ segir Sigurbjörg og bendir á Elínu sem svarar um hæl. „Ekki þú heldur.“ Allir sammála. Þær eru ekki feimnar.

Eruð þið þyrstar í athygli?

„Já já. En við erum samt ekkert þyrstar í hvernig athygli sem er. Sýna brjóstin og annað,“ segir Elín. „Ég man reyndar þegar ég var lítil og heyrði fyrst talað um að vera athyglisjúkur, þá var talað um að ég væri athyglisjúk eins og pabbi minn sem ég þekki ekki neitt. Þá alltaf í neikvæðri merkingu. Þannig að ég er ekki hrifin af orðinu. Maður fær samt svo mikið út úr því þegar maður er að gera eitthvað og það er verið að horfa á mann.“

FÓRU Í DJÚPU LAUGINA OG JING JANG

Já stúlkurnar hata ekki athyglina og hafa náð að koma sér í sjónvarpið áður. „Já, til dæmis í Djúpu laugina og Jing Jang,“ segir Sigurbjörg. „Svo unnum við söngvakeppni framhaldsskólanna síðasta árið okkar í MR. Þar komumst við í sjónvarpið. Við erum alltaf að laumast inn,“ segir hún og Elín

tekur við. „Við erum samt ekki að þessu bara til þess að komast í sjónvarpið heldur bara til þess að prófa eitthvað allt annað,“ segir hún. Þótt stúlkurnar hafi sést í sjónvarpi má segja að þær sjálfar hafi ekki verið þar. „Við fórum alltaf í einhverja karaktera. Það var svo gaman að fólkið s e m þ e k k t i okkur það vissi að við værum að rugla en fólkið sem þekkti okkur ekki trúði þ e s s u m karakterum sem við bjuggum okkur til. Við vorum bara að leika okkur,“ segir Sigurbjörg en þess má geta að pípóla er gamalt orð yfir sögnina „að leika.“

ÞÆR ERU NÚ SÆTAR ÞESSAR ELSKUR.



„OJ, ÞÆR ERU EKKERT SÆTAR.“

Það eru margar konur í sjónvarpi nú til dags og því velta menn fyrir sér hvort þessar stúlkur eigi sér einhverja fyrirmynd í íslensku sjónvarpi. Eins og til dæmis Völu Matt?

„Eiginlega ekki sko. Mér finnast Fóstbræður alveg myndir,“ segir Elín og rennur þá upp ljós fyrir vinkonu hennar: „Já ég lifi á

**„ÞEGAR VIÐ VORUM AÐ FERÐ-
AST UM SUÐUR-AMÉRIKU ÞÁ
FYLGDUMST VIÐ OFT MEÐ FÓLKI
OG REYNDUM AÐ ÍMYNDA OKK-
UR AÐ VIÐ VÆRUM ÞETTA FÓLK.
ÍMYNDA OKKUR HVAD ÞAÐ GER-
IR OG ANNAD Í ÞEIM DÚR.
REYNA AÐ SKILJA ÞAÐ.“**

þeim. Ef mér líður illa þá set ég þá í tækið og allt verður í lagi,“ segir Sigurbjörg áköf.

Kemur fólki til með að líða vel þegar það horfir á ykkar þátt?

„Já, alltaf. Eða vonandi,“ segir Sigurbjörg. „Okkur er reyndar eiginlega alveg sama hvort fólk fattar okkur eða ekki. Svo lengi sem fólk hugsar,“ segir Elín. „Sumir munu hlæja, öðrum mun finnast við ógeðslega steiktar, sumir munu segja „Oj, þær eru ekkert sætar.“ Og eitthvað í þá áttina,“ bætir hún við og eru stelpurnar sammála því að það sé ekkert gaman þegar öllum líkar vel við mann.

EKKI EINS OG HJARTSLÁTTUR

Ég man nú eftir einum þætti með tveimur hressum stelpum sem hét Hjartsláttur. Er ykkar þáttur eitthvað í líkingu við þann þátt?

„Ég reyndar sá þann þátt bara einu sinni. Þannig að ég get ekki sagt til um það. Við horfum það lítið á sjónvarp að maður gerir sér ekki alveg grein fyrir því hvað er verið að líkja þessu við. Þetta er örugglega líkt einhverju sem hefur verið gert en það er ekki viljandi,“ segir Sigurbjörg og Elín tekur við: „Mig minnir reyndar að sá þáttur hafi snúist um að taka púlsinn á því sem er að gerast. Þetta er ekki þannig þáttur.“

LEITAÐ AÐ FRAMTÍÐAREIGINMANNI

Það er ekki hægt að gera gagnkynhneigð-

um karlmönnum og lesbíum þann grikk að sleppa stelpunum lausum án þess að spyrja þær út í ástarmálin.

Eigið þið kærasta?

„Já,“ segir Sigurbjörg. „Nei,“ svarar Elín og heldur áfram. „Ég hef aldrei átt kærasta sko. Ég er að leita mér að framtíðareiginmanni,“ segir hún og hlær. Sigurbjörg uppljóstrir því í háði að tilgangurinn með þættinum sé einmitt sá að koma Elínu Vigdísí út.

**MIKILVÆGT AÐ VERA MAÐUR
SJÁLFUR**

Stúlkurnar munu gera átta þætti af Pípóla sem verða sýndir á næstu átta vikum. Sá fyrsti fer í loftið næsta fimmtudagskvöld, 13. júlí. Þeim til halds traust er fyrst og fremst framleiðandi þáttanna Kristín Helga Karlsdóttir sem sér um tókur og alla eftirvinnslu, Grímur Jónsson sem er töku- maður og Helga Kristjánsdóttir sem er sminka. Það eru spennandi tímar framundan hjá þeim stöllum, svo mikið er víst.

En hvað viljið þið segja við þá sem ekki voru valdir?

„Ekki gefast upp. Það er von. Við vonum að þið horfið á okkur og hættið að þykjast vera einhverjir aðrir en þið eruð,“ segir Elín og grípur Sigurbjörg orð hennar á lofti. „Þetta er ógeðslega mikil klisja, en þetta er alveg ógeðslega mikið satt. Maður heyrir þetta

oft í lífinu en einhvern tímann kemur að því að maður hugsar: Ég held ég skilji þetta.“ Við sláum botninn í þetta annars skemmtilega samtal við þessar spennandi stúlkur og höldum út í rigninguna.



SLEATER-KINNEY AÐ HÆTTA

Bandaríska kvenna-rokksveitin Sleater-Kinney sem spilaði á NASA í byrjun júní hefur ákveðið að hætta. Fyrir nokkrum dögum birtu þær tilkynningu á vefsíðu sveitarinnar www.sleater-kinney.com þar sem þær til-



kynna að þeir tónleikar sem eru fyrirhugaðir hjá sveitinni í júlí og ágúst verði þeirra síðustu og að þær hafi engin áform um frekari plötuútgáfu eða tónleikahald. „Eftir ellefu ár saman sem hljómsveit höfum við ákveðið að taka okkur hlé um óákveðinn tíma,“ segja þær og þakka samstarfsfólki og aðdáendum fyrir stuðninginn.

PLÖTUDÓMAR



Ofursvalt nútímapopp frá fyrrum Cigarette-meðlimi

Eberg er listamannsnafn Einar Tonsberg. Voff, voff er önnur sólóplatan hans, en sú fyrri Plastic Lions sem kom út fyrir fyrir tveimur árum sýndi að þarna var efnilegur einyrki á ferð. Tónlistin á Voff, voff er sannkallað nútímapopp. Lagasmíðarnar eru frekar hefðbundnar. Þetta eru popplög með melódískum viðlögum og skemmtilegum textum, en það eru útsetningarnar sem eru nýstárlegar. Það er eins og Einar hafi prófað að gera allt það sem honum datt í hug og haldið eftir því skemmtilegasta sem hann datt niður á. Útkoman er plata sem er brakandi fersk og full af skemmtilegum hugmyndum, en líka gripandi og áheyrileg.

**EBERG
– VOFF, VOFF**
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10



Gömul og ný lög um ástina

Íslensk ástarlög er framhald plötunnar Íslensk ástarljóð sem kom út fyrir þremur árum og seldist í bilförmum. Hér eru bæði gömul og ný lög um ástina, útsett af Jóni Ólafssyni og sungin af fimm söngkonum. Ég er sérstaklega hrifinn af tveimur fyrstu lögum, Bubbalaginu Með þér sem Ragnheiður Gröndal syngur og Við stóran stein eftir Valgeir Guðjónsson sem Hildur Vala flytur. Bæði fullkomin popplög sem öðlast nýtt líf í túlkun þessara frábæru söngkvenna. Ellen Kristjans og Andrea Gylfa standa sig vel að vanda, en falla eiginlega í skuggann af nýju stjörnum. Fimmta söngkonan Sigríður Eyþórsdóttir á svo nokkuð á brattann að sækja í þessum félagsskap.

**ÝMSIR
– ÍSLENSK ÁSTARLÖG**
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10



Einfaldara og aðgengilegra


Sonic Youth er ein af áhrifamestu rokkveitum síðustu 25 ára. Rather Ripped fylgir eftir plötunni Sonic Nurse sem kom út fyrir tveimur árum. Á Sonic Nurse og Murray Street frá 2002 var Jim O'Rourke í sveitinni, en nú eru þau Kim, Lee, Steve og Thurston aftur orðin bara fjögur. Það er eins og við það hafi tónlistin færst aðeins frá tilraunamennskunni í átt að einfaldara og aðgengilegra rokki. Þetta er samt að sjálfsögðu ekkert FM957-rokk. Sonic Youth-hljómurinn er enn til staðar. Á Rather Ripped vitnar sveitin meðal annars í nokkra kunnuglega frasa og riff úr rokksgöngu. Enn ein eðalplatan.

**SONIC YOUTH
– RATHER RIPPED**
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10



Trausti Júlíusson

ORÐLJÓTUR UNGLINGUR ÚR AUSTURBORGGINNI



TEXTARNIR HJÁ PLAN B ERU EINS OG RAUNVERULEIKINN KRYDDAÐUR MEÐ OFBELDINU ÚR TÖLVULEIKJUNUM OG KLÁMINU AF NETINU. BRESKI RAPPARINN PLAN B HEFUR BÆÐI VERIÐ KALLAÐUR „HINN BRESKI EMINEM“ OG „HINN NÝI MIKE SKINNER“, EN ÞÓ AÐ HANN EIGI EITT OG ANNAÐ SAMEIGINLEGT MEÐ EMINEM OG THE STREETS ÞÁ KEMUR HANN MEÐ NÝJAN VINKIL Á RAPPID, BÆÐI TÓNLISTARLEGA OG TEXTALEGA. FYRSTA STÓRA PLATAN HANS WHO NEEDS ACTIONS WHEN YOU GOT WORDS KOM ÚT Í VIKUNNI.

Þegar lagið Kidz með breska rapparanum Plan B var spilað á BBC seint á síðasta ári varð allt vitlaust. Textinn sem fjallar um ofbeldisfulla og síðspilla breska unglunga er sérstaklega berorður. Símalínur glóðu og einn hlustandinn lýsti því meðal annars yfir að Plan B væri að niðurlægja sitt fólk: „Hann gerir lítið úr okkur svertingjunum.“ Smá misskilningur þar sem Plan B, eða Ben Drew eins og hann heitir réttu nafni, er ekki svartur. Hann er ekta hvítur strákur frá East End-hverfinu í London.

ÓVENJULEGUR NÁUNGI

Plan B vakti fyrst athygli fyrir smáskifuútgáfu í fyrra, en fyrsta stóra platan hans kom út fyrir nokkrum dögum. Hún heitir Who Needs Actions When You Got Words. Titillinn er fenginn úr texta með bandarísku síðpönksveitinni Meat Puppets. Óvenjulegt fyrir rappara. En

Plan B er frekar óvenjulegur náungi. Hann er hvítur rappari og hefur þar af leiðandi oft verið líkt við bæði Eminem og The Streets, en þó að flæðið hjá honum minni mann stundum á Eminem þá á hann ekkert mikið sameiginlegt með þeim annað en húðlitinn. Tónlistarlega er hann í allt öðrum þælingum.

EINS OG AÐ VERA ALINN UPP AF NED FLANDERS

Ben Drew ólst upp í Forest Gate-hverfinu í London. Pabbi hans var rokk-tónlistarmaður sem sneri við blaðinu og frelsaðist áður en hann hvarf að mestu út úr lífi sonarins. Ben á erfitt með að fyrirgefa honum það, líkir þessu meðal annars við að vera alinn upp af Ned Flanders í laginu I Don't Know You. Þegar hann var unglundur hlustaði Ben lítið á rapp, en þeim mun meira á sveitir eins og Nirvana, Rage Against The Machine og Radiohead.

Þetta heyrir á tónlistinni hans. Þau eru ekki öll í þessum dæmigerða hip hop-stíl. Í sumum af bestu lögum á Who Needs Actions rappar hann yfir kassagítarleik. Annars staðar er það píanó. Strákurinn fer sínar eigin leiðir.

EKKI MEÐ SJALFAN SIG Á HEILANUM

Ög svo eru það textarnir. Þeir eru sérstakir líka. Ben rappar um samfélagið sem hann tilheyrir, en hann er ekki með sjálfan sig sífellt á heilanum eins og Eminem, heldur notar hann marga karaktera. „Ég held að mitt líf sé ekki nógu spennandi til þess að semja um það mjög marga texta,“ segir hann. Stíllinn einkennist af berorðum lýsingum þar sem ekkert er dregið undan. Á köflum er þetta nánst eins og ýkjstíll. Svona eins og það sé búið að krydda raunveruleikann með ofbeldinu í tölvuleikjunum og kláminu á Netinu.

ALVÖRU MENN Á NÝJU JUSTIN TIMBERLAKE PLÖTUNNI

Fyrsta sólóplata Justins Timberlake, Justified, fékk sínar viðtökur, enda var hún unnin með frábærum pródúserum, meðal annars Timbaland og The Neptunes. Nú er næsta plata tilbúin. Hún hefur fengið nafnið Future Sex/Love Sounds og kemur í verslanir 12. september. Og aftur hefur Justin tekist að fá nokkra af bestu upptökustjórum heims til liðs við sig. Fyrsta smáskifulagið SexyBack (um bakið á Cameron?) er pródúserað af fyrrnefndum Timbaland, en auk þess eiga Rick Rubin og will.i.am lög á plötunni.



NÝTT RAPTURE-LAG KOMIÐ Í SPILUN

Önnur plata bandarísku sveitarinnar The Rapture sem sló í gegn svo um munaði á Iceland Airwaves fyrir fjórum árum kemur út í byrjun september. Hún á að heita Pieces of People We Love og kemur í kjölfar Echoes sem kom út 2003. Fyrsta smáskifulagið af henni heitir Get Myself Into It, en það er þegar komið á MySpace síðu sveitarinnar www.myspace.com/therapture. Eins og áður hefur komið fram kemur Gorillaz og Gnarls Barkley upptökustjóriinn Danger Mouse við sögu á nýju plötunni.

NÝTT & FERSKARA BLAÐ



Snorri og Inga Þóra
blása á kjaftasögurnar



Birgitta Haukdal
í banastuði á Nasa



Stjörnupör
á frumsýningu Footloose

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA



HVERNIG?

TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS FÆR EKKI NÓG AF ÞVÍ AÐ FÁ AÐ KÍKJA INN TIL FÓLKSINS Í LANDINU, ÞAÐ ER VANALEGA FORVITNILEGT OG SPENNANDI AÐ SJÁ HVAÐ ÁLITSGJAFINN GETUR OG HVERNIG FÓLK HREIÐRAR UM SIG. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ AÐ LÍTA INN TIL GUÐLAUGAR ELÍSABETAR ÓLAFSDÓTTUR LEIKKONU SEM ER EINMITT UM ÞESSAR MUNDIR AÐ LEIKA Í HINU HRESSA LEIKRITI FOOTLOOSE. ÁLITSGJAFINN ER HARPA ÞÓRUNN PÉTURSDÓTTIR BLAÐAMAÐUR HJÁ FRÉTTABLAÐINU OG MÁ HVER SEM ER DÆMA FYRIR SIG HVORT UM MIKLA MIÐILSHÆFILEIKA SÉ AÐ RÆÐA EÐA EKKI.

BAÐHERBERGIÐ

„Hvers vegna svona margir tannburstar? Annað hvort á hún kærasta eða þá margar góðar vinkonur sem gista stundum hjá henni,” segir Harpa glögg.



Sirkus-myndir: Hróm Ávellsdóttir



„Ég mundi segja að hér byggji klárlega stúlka og ég ætla að skjóta á að hún eigi kærasta. Ástæðan fyrir því er að ég tók eftir því að það voru fleiri en einn tannbursti hjá henni inni á baði,” segir Harpa spæjari.



„Hún les mikið og hefur jafnvel áhuga á listum eða einhverju því um líku því þetta er ágætis safn,” segir Harpa um bækurnar.



„Ef hún á kærasta, sem ég held fram þá er samt eitt vist og það er að hún fær sínu framgengt þegar kemur að því að skreyta. Hún ræður stílnum og öllu því um líku því þetta er greinilega kvenlegt handbragð,” segir Harpa.

GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA



ÞETTA SAGDI HARPA

„Ég er bara á fullu að sýna í Footlose,” segir Guðbjörg eldhress. Þetta er bara búið að vera rosalega skemmtilegt og gaman og svo er sýningin bara að renna af stað núna. Fyrir minn smekk þá vil ég hafa allt frekar létt og hreyfanlegt og það stafar aðallega af því að ég er með breytingaráráttu. Ég vil geta snúið öllu við svona öðru hvoru. En annars er ég með hvíta vegg og slíkt og vil hafa bjart þar sem maður getur svo alltaf skreytt með litum og öðru slíku ef maður vill,” segir Guðlaug sem veit sínu viti. Ég hef verið í þessu hverfi í rúm 7 ár en er nýbúin að taka allt í gegn, brjóta niður vegg, breyta og hreyfa soldið til hjá mér. En það er ekki alveg komið í það stand sem ég vil en þetta er allt að koma,” segir Guðlaug sem er alsæl með heimilið sitt og hverfið. sigga@minnsirkus.is

„Huumm býr sælkeri hér eða lestrarhestur?,” segir Harpa spossk á svip.



„Aftur myndi ég halda að hún sé dútlari, kannski kokkur eða hefur gaman af því að kjafta og hafa það gott í eldhúsinu,” segir Harpa kát.



„Ég myndi halda að hún væri frekar svona týpuleg í klæðnaði, svona frjálsgleg týpa einhvern veginn en annars er ég ekki almennilega viss,” segir Harpa ekki alveg með það á hreinu.



„Hún hefur greinilega góðan smekk og er mikil smekkmanneskja, það er allt fint og á sínum stað. Það er frekar krúttleg stemming heima hjá henni og svona rómantískt,” segir Harpa.



NAUÐSYN Í SJÓNUM, Á STRÖNDINNÍ OG Í SUMAR

ALLT ERU ÞETTA TILVALDAR VÖRUR TIL AÐ NOTA ÞEGAR MAÐUR ER MIKIÐ Í SUNDI, SÓL EÐA Á STRÖNDINNÍ. TILVALIÐ TIL AÐ TAKA MEÐ Í FRÍÐ EÐA ÞEGAR MAÐUR ER Á FERÐ OG FLUGI.

1. LANCÔME-BE JUICY SUMARLITIRNIR

Varagloss í krukku, gegnsæ og glansandi olía sem er meira fljótandi og klístrast ekki eins og þær olíur sem nú eru notaðar í varagloss. Glossið er mjúkt og endist ótrúlega vel á vör- unum. 8 nýir og ferskir litir.

2. CRUISE COLLECTION

Þetta eru sumarlitirnir frá Helena Rubinstein 2006. Lögð er áhersla á sumar, siglingu, sól og gyllta, titrandi húð.

3. LANCÔME

L'extrême-burstinn sem grípur hvert augnhár við rætur þess og nær hámarks lengingu. Mjúk og nákvæm notkun, ótrúleg lengd og fullkomlega aðskilin augnhár.

4. GOTT BODYLOTION

Sem er mjúkt en ekki svo þykkt. Fallegur gljái og ferskur sumarilmur.

5. PROMESSE BODY LOTION

Ferskur blómailmur og fallegur gljái.

6. MODEL EYES PALLETTE

Falleg palletta með sumarlegum litum þar sem gyllti tónninn ræður ríkjum.

7. LASH QUEEN MASCARA

Enn ein stjarnan í vatnsheldum maskörum, þéttir og lengir augnhár. Endist mjög vel.

8. BLÝANTUR

Varablýanta er alltaf gott að eiga, flottur litur rétt til að skerpa.

9. STELLAR

Fallegar varir með fallegum ljóma, ljós- beige-gylltur litur.

10. GÓÐUR ILMUR

Ferskur blómailmur sem er alveg tilvalinn núna í sumar.

L'OCCITANE Á LAUGAVEGI ER EITT AF UNDRUNUM Í MIÐBÆNUM SEM HÆGT ER AÐ DÚLLA SÉR Í TÍMUNUM SAMAN. HÉR ER ENDALAUST ÚR- VAL AF EÐALILMUM, BAÐVÖRUM, REYKELSUM OG MÖRGU ÖÐRU.

FRÍSKANDI ILMUR

1. SUMARILMURINN

Það kemur alltaf nýr ilmur í Verbena- línuna og að þessu sinni þvífkt ferskur sítrusilmur. Blómlegri og meiri ávaxtailmur en vanalega. Ilmur sem er ferskur og fæst í L'occitane á 4.640 kr.

2. SHOWER-GELIÐ

Náttúrulegt og þvífkt ferskt gel á 1.495 kr.

3. SÁPAN

Sápan er mjög góð og er flott í laginu. Hún er að sjálfsgöðu sítruslaga og nátt- úrúleg og fæst í L'occitane á Laugavegi á 530 kr.

4. ILMKERTI

Þeir sem vilja aðeins fríska upp á andann heima fyrir ættu að fá sér eitt svona á 1.220 kr.

sigga@minnsirkus.is

ÓSKALISTINN...



Debenhams í Smáralindinni, æðislega skemmtilega hressandi kaffiset í geggjúðum umbúðum á 2.490 kr.



Iða, íslenskt já takk. Handþrjúðuð húfa og vettlingar á 1.700 kr.



Iða, flottir þrjúnaðir vett- lingar og húfa í stíl.



Vera Moda í Smáralindinni, akkerishálsmen 1.690 kr. og ugluhálsmen á 1.590 kr.



Byggt og búið í Smáralindinni, útvarp sem hægt er að snúa á ýmsa vegu 3.374 kr.



Debenhams í Smáralindinni, sykurpúðar sem eru fallegir og litlir fuglar, nammi namm 349 kr.




Debenhams í Smáralindinni, fallegar appelsínukreistur í hressandi litum, 349 kr.

21



I WEAR MY SUNGLASSES





AT NIGHT...





MERKIÐ VAR STOFNAÐ ÁRIÐ 1994 OG HEFUR VERIÐ Á UPPLIÐ SÍÐAN.



SONUR VIVIENNE WESTWOOD ER ANNAR AÐALHÖNNUÐA AGENT PROVOCATEUR.



AGENT PROVOCATEUR

FLOTTUSTU UNDIRFÖT SEM FÁST

HÖNNUÐIRNIR JOSEPH CORRE OG SERENA REES OPNUÐU FYRSTU AGENT PROVOCATEUR-BÚÐINA Í DESEMBER ÁRIÐ 1994. UNDIRFÖTIN VÖKTU STRAX MIKLA ATHYGLI OG HAFU SÍÐAN ÞÁ ORÐIÐ SÍFELT VINSÆLLI OG HAFT MIKIL ÁHRIF Á TÍSKU ÚT UM ALLAN HEIM. CORRE OG REES AFNEITUÐU FRÁ UPPHAFI ÞEIRRI VIÐTEKNU BRESKU HUGMYNDAFRÆÐI AÐ ALLT SEM TENGIST KYNLÍFI SÉ SUBBULEGT. MARKMIÐIÐ VAR FREKAR AÐ BÚA TIL VEL HÖNNUÐ UNDIRFÖT SEM EIGA AÐ ÖRVA, HEILLA OG LÁTA ÞÆR KONUR SEM KLÆÐAST ÞEIM NJÓTA SÍN. EINNIG EIGA MAKARNIR AÐ NJÓTA ÞEIRRA.

Í DAG NÝTUR AGENT PROVOCATEUR MIKILLAR VIRÐINGAR Í TÍSKUHEIMINUM OG VINSÆLDA. ENDA HAFU CORRE OG REES VERIÐ EINKAR ÚTSJÓNARSÖM VIÐ AÐ NÝTA SÉR HINAR ÝMSU AUGLÝSINGALEIÐIR, BÆÐI BÚÐARGLUGGANA, AUGLÝSINGAR Í KVIKMYNDAHÚSUM, SÖLUBÆKLINGA OG UPPÁKOMUR. ÞAU HAFU EINNIG FÆRT ÚT KVÍARNAR OG FRAMLEITT BÆKUR, TÓNLIST, SKÓ, SKARTGRÍPI, ILMVÖTN OG SNYRTIVÖRUR.

ANNAR AÐALHÖNNUÐANNA, JOSEPH CORRE, ER RÆKILEGA TENGÐUR INN Í TÍSKUHEIMINN. HANN ER SONUR ENGRAR ANNARRAR EN TÍSKUDROTTNINGARINNAR VIVIENNE WESTWOOD OG HINS GOÐSAGNAKENNDA MALCOLMS MCLAREN, SEM VAR UMBOÐSMAÐUR PÖNKSVETARINNAR SEX PISTOLS. WESTWOOD OG MCLAREN VORU SAMAN Í NOKKUR ÁR Á FYRRI HLUTA ÁTTUNDA ÁRATUGARINS. ÞÁ STOFNUÐU ÞAU HINA FRÆGU BÚÐ LET IT ROCK, SEM VAR EINNIG ÞEKKT UNDIR NAFNINU SEX. MEÐLÍMIR SEX PISTOLS KLÆDDUST FÖTUM WESTWOOD ÞEGAR ÞEIR MEIKUÐU ÞAÐ OG PÖNKBYLGJAN VAR FÆDD. VEGNA ÞESSARA TENGLA KOM ÞAÐ FÁUM Á ÓVART AÐ JOSEPH CORRE SKYLDI NÁ JAFNMIKLUM ÁRANGRI OG RAUNBER VITNI.

AGENT PROVOCATEUR-BÚÐIR MÁ FINNA VÍÐA UM LÖND EN NOKKRAR ÞEIRRA ERU Á ENGLANDI OG Í BANDARÍKJUNUM. FYRIRTÆKIÐ HELDUR EINNIG ÚTI FLOTTRI OG ÖFLUGRI HEIMASÍÐU ÞAR SEM HÆGT ER AÐ PANTA FLÍKURNAR. EKKI HIKA VIÐ AÐ KÍKJA Á HANA: AGENTPROVOCATEUR.COM



ÞAÐ ER VARLA HÆGT AÐ ÍMYNDA SÉR FLOTTARI UNDIRFÖT EN AP.



TÉKKIÐ Á HEIMASÍÐUNNI AGENTPROVOCATEUR.COM. ÞAR ER HÆGT AÐ PANTA FLÍKURNAR.





Fitusog án skurðaáðgerðar

- Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
- Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
- Þú ert mæld, magi rass og læri, fyrir og eftir
- Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
- 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
- 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...

Verð: 37.400,-

Ef þú pantar strax í dag Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 21.900,-

Hringdu núna, síminn er: 577 7007

Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk

SUMARPARTÍ Á HRESSÓ

Það verður magnað garðpartí á Hressó á laugardagskvöldið þar sem ýmsir tónlistarmenn munu troða upp og leyfa okkur að njóta kvöldsins í massastuði. Partíð mun standa fram undir morgun og er ætlast til þess að gestir mæti með rave-flautu og kúabjöllur og dansa í þeirri munderingu þar til yfir lýkur. Kap10Kurt frá New York er aðalúmer kvöldsins en þetta er frábær tveggja manna elektró rave-hljómssveit. Einnig koma fram Hermigervill, GusGus dj's, Jack Schidt (aka Margeir), sænski plötusnúðurinn George Truly og síðan taka þeir Jonfri og Richard Cueallar (Rikki) saman lokasett kvöldsins. Það er Biggi veira sem mun vera fulltrúi GusGus í garðveislunni, Hermigervill er án efa ein skemmtilegasta eins manns hljómssveit í bænum, Margeir stendur fyrir sínu og að sjálfsgöðu er það einn helsti house-snúður Svía hann George Truly sem tryllir líðinn.

Fyrir forvitna
www.pz.is



KAP10KURT
GÓÐUR Á ÞVÍ



DJ MARGEIR



BIGGI VEIRA



ÞORSTEINN
HREGGVIÐSSON –
ÞESSÍ Á X-INU 977

MAÐURINN SEM BJARGAR X-INU

Þá er komið nýtt en alvant blóð á X-ið og ekki veitir af þar sem hinn umtalaði er enginn annar en Þessi

hinn rauði. Hann hvarf úr útvarpinu og setti plötusnúðsferilinn aðeins á hilluna hér heima þar sem hann lagði land undir fót. Nú er kallinn kominn aftur og því er um að gera að hlusta eftir vinnubrögðum hans á næstu dögum.

BLÚSAÐIR TÓNAR FYRIR VESTAN

Núna um helgina á stórviðburður sér stað og það er sko ekki í 101, Sirkus er líka með pulsinn á öðrum svæðum og má þar nefna Ólafsfjörð. Þar slær pulsinn um helgina, þar á sér stað ein stór blúsveisla. Það verður rosalega mikil tónaveisla og skemmtun þar í bæ og vill Sirkus segja sem flestum að fara út úr bænum og drífa sig vestur og hlusta á blúsaða tóna.

VELKOMIN TIL
ÓLAFSFJARDAR.



BLÚSBÆÐUR
ERU FLÓTTIR.

ú t v a r p

X

97.7

X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Hot Chip	Over And Over
2.	The Strokes	You Only Live Once
3.	Wulfgang	Life And Habits
4.	Red Hot Chili Peppers	Tell Me Baby
5.	Hard-Fi	Better Do Better
6.	Lostprophets	Rooftops
7.	Coheed And Cambria	Welcome Home
8.	Motion Boys	Waiting To Happen
9.	Jakobínarína	His Lyrics Are Disastrous
10.	System Of A Down	Kill Rock 'N' Roll
11.	Wolfmother	Woman
12.	Trabant	The One
13.	Snow Patrol	You're All I Have
14.	Fræ	Dramatísk rómantik
15.	Hawthorne Heights	Saying Sorry
16.	Stone Sour	Through Glass
17.	A.F.I.	Miss Murder
18.	Muse	Supermassive Black Hole
19.	Pearl Jam	Life Wasted
20.	Danko Jones	First Date

HEIT FLAGA Á TOPPI X-LISTANS.

FM957

ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Black Eyed Peas	Gone Going
2.	Saving Jane	Girl Next Door
3.	Fort Minor	Where'd You Go
4.	Jeff Who?	Barfly
5.	Mihai Traistariu	Tornero
6.	Rihanna	Unfaithful
7.	Pink	Who Knew
8.	Pussycat Dolls Ft. Snoop	Buttons
9.	Gnarls Barkley	Crazy
10.	Nelly Furtado	Promiscuous
11.	Orson	No Tomorrow
12.	Teddy Geiger	For You I Will
13.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Is It Love
14.	Christina Aguilera	Aint No Other Man
15.	Lordi	Hard Rock Hallelujah
16.	Shakira Ft. Wyclef Jean	Hips Dont Lie
17.	Lucas Prada	And She Said
18.	All American Reject	Move Along
19.	Á Móti Sól	Hvar sem ég fer
20.	Fræ	Dramatísk rómantik

FERGIE OG VINIRNIR Á TOPPNUM ENN OG AFTUR.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

SKEMMTIÐIR

FÖSTUDAGURINN 7. JÚLÍ

NASA

Sálin flautar til leiks, Loksins, loksins mæta strákarnir aftur eftir gott frí. Ferskari og flottari en nokkru sinni. Júúúúúúúúúúú!



KAFFIBARINN

Hinn eini svali foli mun halda uppi stemmaranum langt fram undir morgun, að sjálfsögðu mun hann fylla staðinn af geggjúðum gellum svo strákar látið sjá ykkur og höslið dansandi.

VEGAMÓT

Það er alltaf sama góða stemmingin á Vegamótum, kíktu við fáðu þér gott í gogginn í góðra vina hópi. Svo þegar það færast meira fjör í leikinn er um að gera að dansa undir tónum hins eina sanna. Maðurinn sem talað er um er Hermigervill, so dance!



PADDY'S, REYKJANESBÆ

Keflavík og aftur Keflavík, þetta er bærinn sem aldrei sefur og að þessu sinni eru það útgáfutónleikar sem allir ættu að kíkja á. Kojá fagnar útgáfu þröngskifu sinnar á Paddy's í Keflavík.

HRESSÓ

Hljómsveitin Touch spilar frá 22 til 01 og það er eins gott að enginn missi af því. Að sjálfsögðu þegar þeir eru orðnir þreyttir mun Dj Maggi vera maðurinn kvöldsins, hann þeytir skífum þar til allt er orðið vitlaust.

SÓLON

Dj Geir Flovent spilar með sínum persónulegu og skemmtilegu snilldartaðtum, dillar sér, skratsar og svona má lengi telja. Ekki missa af hönkinu spila góða músík.



SIRKUS

Það er alltaf geggjúð stuð á þessum stað, klikkuð stemming og dansað upp á stólum. Í kvöld er það kappinn góði KGB sem mun halda stemmingunni í standi.

HVERFISBARINN

Meistarinn Dj Stef ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum. Hann verður sveittur í búrinu svo ekki láta ykkur bregða þó þakið fjúki af. Dj Stef verður betri með hverri helgi, hann kallar sig „Stærri typpi en flestir“ eða DJ Stef og ætlar að trylla dansgólfið á Hverfisbarnum alla helgina.

PRIKIÐ

Maffian a Prikinu í sumar er Gísli Galdur, Benni B ruff, Danni Deluxe og Dóri DNA, þetta eru þeir sem munu halda uppi stuðinu ásamt gleðipinnunum Örn og Ellen. En hver verður um helgina er ekki vitað enn, það verður óvæntur glaðningur sem mun ekki valda vonbrigðum.

THORVALDSEN

Dj Hlynur verður nú heldur betur frískur á Thorvaldsen í kvöld. Það er engu logið með það. Án djóks, það er engu logið með það og það besta er að hann er einungis að hita upp fyrir laugardaginn.

LAUGARDAGURINN 8. JÚLÍ

SÓLON

Austmaðurinn mikli ætlar að þeyta skífum eins og hann hafið ekki gert neitt annað síðan hann fæddist og niðri mun hinn eini sanni Dj Tommi White leyfa okkur að njóta góðra tóna, þeir munu halda uppi hita og trylltum dansi langt fram eftir morgni. Sannkallaður snilldarkersteill í anda helgarinnar.

SIRKUS

Það er snillingurinn sjálfur sem mun halda stuðinu uppi þar til yfir lýkur, klipparinn á Gel sem og söngvarinn í Hair-doctor hann Jón Atli mun setja sig í plötusnúðshlutverkið og dansa og dilla sér við mikinn mannfögnuð.

KAFFI KÚLTÚRA

Palli í Maus lofar stuði og massa standpínnum eins og honum einum er lagið. Mætið því það verður gaman og ekkert kjaftæði.

HVERFISBARINN

Meistarinn Dj Stef ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum. Hann verður sveittur í búrinu svo ekki láta ykkur bregða þótt þakið fjúki af. Dj Stef verður betri með hverri helgi, hann kallar sig „Stærri typpi en flestir“ eða DJ Stef og ætlar að trylla dansgólfið á Hverfisbarnum alla helgina.

PRIKIÐ

Á Laugardag byrjum við á Franz og Sverri, svo kemur Kári en á eftir honum eru Óli og Anna Brá, Erna og Ellen og Danni Deluxe. Maffian a Prikinu í sumar eru Gísli Galdur, Benni B ruff, Danni Deluxe og Dóri DNA.

HRESSÓ

Hljómsveitin Touch spilar frá 22 til 01 og það er eins gott að enginn missi af því. Þegar þeir eru orðnir þreyttir mun Dj Maggi vera maður kvöldsins og þeyta skífum þar til allt er orðið vitlaust.



NASA

Gay-Pride styrktarball fyrir sjálfa hátíðina og mun hinn eini sanni Páll Óskar okkar góðvinur og félagi spila og sjá um að allir dansi af sér rassgatið.

KAFFIBARINN

Don Balli Funk mun ekki svíkja neinn og það er ekkert grín. Láttu sjá þig eða farðu heim til þín með skottið á milli lappana og skammastu þín. Skamm, skamm!

THORVALDSEN

Dj Hlynur verður nú heldur betur frískur á Thorvaldsen í kvöld. Það er engu logið með það. Án djóks það er engu logið með það og það besta er að hann er einungis að hita upp fyrir laugardaginn.

ENN BÆTIST VIÐ Á AIRWAVES

Breska rokkveitin The Crips, elektropop-rokkararnir í Who Made Who frá Danmörku, hin bresk-íslenska The Fields, kanadíska Islands [mynd] og Cold War Kids frá Kaliforníu hafa nú bæst við dagskrá tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves 2006. Auk þessara fimm erlendu hljómsveita bæstast tíu íslenskir listamenn við dagskrá hátíðarinnar þar á meðal trúbadorinn Þórir eða My Summer as a Salvation Soldier eins og hann kallar sig á alþjóðavettvangi, teknótröllið Thor, óþekktarormarnir Dr. Mister og Mr. Handsome, Tilraunaeldhúsföringinn Kira Kira, Biogen, Worm is Green og Johnny Sexual.



DR. MISTER OG MR. HANDSOME



THE CRIPS



KIRA KIRA

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

LISTASÝNINGAR

MINJASAFN REYKJAVÍKUR

Sýningin Diskó og pönk er á Minjasafni Reykjavíkur - Árbæjarsafni, geggjað fjór fyrir alla.

ANIMA GALLERÍ

Elín Þórarinsdóttir sýnir hér hin ýmsu flát. Ótrúleg sýning sem enginn á að láta framhjá sér fara.

HRAFNISTA Í HAFNARIRÐI

Eiríkur Smith sýnir á Hrafnistu, málverkasýning hans var opnuð síðasta föstudag á Hrafnistu í Hafnarirði en eins og allir vita er Eiríkur einn ástsælasti listmálari landsins.



AURUM

Petra og Hanna Lind leitast við að skapa heim innan ákeðins rýmis með eins litlu efni og mögulegt er. Stendur yfir til 7. júlí. Síðasti dagurinn!

KAFFI SÓLON

Þórunn Maggý Mýrdal Guðmundsdóttir sýnir kröftug málverk á Kaffi Sólón núna yfir helgina svo að það er um að gera að kíkja á sýninguna sem og prófa nýja matseðilinn.

HALLGRÍMSKIRKJA

Sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ásgerður Búiadóttir sýnir í fordyri Hallgrímskirkju. Ásgerður er frumkvöðull nútímaveflistar og er sýningin í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands og mun standa yfir til 26. ágúst.

AKVARELLASÍREYKJAVÍK

Listamennirnir sem sýna á þessari sýningu spanna þrjár kynslóðir íslenskrar listasögu. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa fengist við vatnslitamálun um áratugaskið og náð umtalsverðum árangri í glímunni við vatnslitinn sem er afar vandmeðfarinn miðill.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS LAUGARNESI

1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textíll og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

„Tíminn tvinnnaður“ heitir sýningin sem stendur núna yfir. Alþjóðlegi listhópurinn Distill sýnir verk sem spannar sviðið frá tvívíðum hlutum í skúlptúra og innsetningar. Sýningin stendur yfir til 31. júlí.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Sýning fyrir unga listunnendur sem sett er upp í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.

LISTASAFN KÓPAVOGS, GERÐARSAFN

Yfirlitssýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Safnbúð og kaffistofa eru opin og sýningin stendur til 31. júlí.

REYKJAVÍKURBORG

Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst. Stella sýnir skilti á 20 stöðum víða um borgina, svo það er um að gera að hafa augun opin.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGÐ!

Sýning með hljóðtengdum myndverkum í tilefni Fjölljóðahátíðar. Finnbogi Pétursson, Haraldur Jónsson, Steingrímur Eyfjörð, Kira Kira, Ólafur J. Engilbertsson og listnemar við LHÍ sýna bókverk.

CAFÉ KARÓLÍNA

Sunna Sigfríðardóttir sýnir myndir af blómum, allar myndirnar eru unnar með bleki á pappír og stendur sýningin til 30. júní.

NÆSTI BAR

Undanfarin ár hefur Snorri Ásmundsson þróað með sér andlega tækni í málalísi, verkin hans eru talin hafa lækningarmátt svo ekki missa af sýningunni og kannski hausverkurinn hætti.

AFMÆLISÝNING LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR

Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir safnið ljósmyndaefni sína nær íbúum og gestum borgarinnar. Á útsýningu á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagardi gefst áhorfendum kostur á að kanna þetta svæði í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag.

THORVALDSEN BAR

Marinó Thorlacius með ljósmyndasýninguna „dreams“. Ljósmyndir hans eru alveg sér á báti og hafa þær vakið mikla athygli bæði hérlendis og erlendis. Sýningin stendur yfir þessa helgi og næstu svo það er um að gera að drífa sig.

NÝLISTASAFNIÐ

Sýning Bryndísar og Claire Charnley stendur nú yfir undir nafninu Speech, eða á íslensku TALA.

101 GALLERÍ

Steinunn Þórarinsdóttir sýnir til 22. júlí, komið og þið munuð vera margs vísari en það er opið einungis fimmtudaga, föstudaga og laugardaga.



SAFN

Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Sýningarnar eru opnar til 12. júlí. Auk verka eftir listakonurnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Ljósmyndir Marks Watson og Alfreds Ehrhardt eru til sýnis fyrir gesti og gangandi í Myndsafni og eru frá Íslandi sumarið 1938.

HELGIN HJÁ MERKJUNUM



Steingeit (22. des.–19. jan.)

Framtækifæri bíða þín eða þá eru á leiðinni en þú hefur svo sannarlega unnið fyrir þessu. Þú hefur efni á að prófa þig áfram og setja þér háleitari takmörk, svo lengi sem þú manst að geyma trompið þitt aðeins lengur.



Vatnsberi (20. jan.–18. feb.)

Fullkláruðu verki fylgir mikil ánægja. Þú ættir að hafa það í huga og fylgja þínum bestu hugmyndum eftir, það eru eyru sem munu leggja við hlustir og áhuginn er fyrir hendi.



Fiskar (19. feb.–20. mars)

Áhyggjur þínar af því að gera eitthvað rangt munu draga úr heiðarleika frumlegrar hugsunar þinnar. Þú mátt taka áhættu og vera djörf/djarfur því þú munt ekki sjá eftir því heldur gleðjast yfir því fyrr en seinna.



Hrútur (21. mars–19. apríl)

Það góða við hrútinn er að hann er oftast með mjög opin huga fyrir ólíkum hugmyndum og skoðunum fólks. Það að sjá heildarmyndina og alla möguleikana er þinn helsti kostur.



Naut (20. apríl–20. maí)

Þróaðu sambönd við fólk sem hefur sama drifkraft og þú sjálf/-ur. Naut verða að gæta þess vel að staðna ekki í efnishyggju og gömlum gildum. Mikilvægt er að stokka aðeins upp í lífinu og tilverunni, bara svona öðru hverju. Það mun létta aðeins á þér.



Tvíburar (21. maí–21. júní)

Þú verður að koma hugmyndum þínum á framfæri, ef þú ert með stíflu er nauðsynlegt að losa um hana. Lykillinn að velgengni er að koma með einhverjar ferskar og nýjar hugmyndir. Þú munt fá fullt af góðum hugmyndum ef þú gefur þér tíma í það, ekki örvænta...



Krabbi (21. júní–22. júlí)

Nú er kominn tími til að leggja tiltekið mál til hliðar, það er ekki að gefa gott af sér heldur naga þig að innan. Þér finnst allt mögulegt núna sem er í raun ómögulegt, þú færst undan því að sjá hlutina í réttu ljósi. Þér er meira að segja sama þó að samband sem þú ert í sé ófyrirsjáanlegt en í raun er krabbin oft góður í að leika. Krabbi minn, ekki leika þér að eldinum eða hjartanu þínu.



Ljón (23. júlí–22. ágúst)

Nú er kominn tími til að taka til hjá sér, klára gömul mál og ágreining. Það mun létta á þér svo um munar og núna fyrst mun lán og hamingja umvefja þig. Mundu að fyrst vorhreingerningin fer svona vel af stað er gott að venja sig í leiðinni af gömlum ósið-um, gangi þér vel.



Meyja (23. ágúst–22. sept.)

Þú ert laus við ýmsar hömlur sem hafa undanfarið skert frelsi þitt, hræðslan er að minnka og þar með styrkist þú hægt og rólega. Kæra meyjja, mundu að þú verður að hafa trú á sjálfri þér og þá munu hlutirnir fara að rúlla.



Vog (23. sept.–23. okt.)

Þú ert í kjörinni aðstöðu til að miðla málum, þú verður að hafa í huga að oft á tíðum eru sáttasemjarar ekki vinsælir hjá öllum en ekki taka það nærri þér. Oft þarf fólk smá umhugsunartíma og kæla sig aðeins niður. Ef þú verður óruggur skaltu spyrja ráða, ekki hvern sem er heldur einhvern sem þú treystir.



Sporðreki (24. okt.–21. nóv.)

Þú ert vandvirkur þegar þú leggur þig fram og skilar engu af þér nema það sé fullunnið í alla staði. Með þetta í huga ættir þú að hætta að hafa áhyggjur og vantreysta sjálfum þér, njóttu auðmýkta verðlaunanna sem dagurinn mun færa þér.



Bogamaður (22. nóv.–21. des.)

Bogamaður, nú er tími til kominn að setjast aðeins niður og anda. Þú mátt ekki bara peytast í gegnum lífið án þess að velja um það sem þú vilt og það sem þú ekki vilt. Þú verður að velja og hafna, lífið snýst um þína velferð og hafðu það hugfast.

SÖNGLEIKJAALDA RÍÐUR YFIR



GREASE REIÐ Á VADIÐ

Þegar ákveðið var að setja upp söngleikinn Grease vorið 2003 þótti mörgum það glapræði. Svo stutt var frá því söngleikurinn hafði verið settur upp síðast og þá með þeim Selmu Björnsdóttur og Rúnari Frey Gíslasyni í aðalhlutverkum. Í þetta skipti voru þó tvær skærustu poppstjörnur landsins fengnar til að leiða verkin – þau Jón Jósep Snæbjörnsson og Birgitta Haukdal. Gunnar Helgason leikstýrði verkinu. Söngleikurinn sló í gegn hjá áhorfendum sem flyktust í Borgarleikhúsið langt fram á haust.



FAME Í SMÁRALIND

Sumarið 2004 var Jónsi aftur mættur í sumarsöngleik. Þá var það söngleikurinn Fame og var það Álfrún Örnólfsdóttir sem var í aðalhlutverki ásamt Jónsa. Söngleikurinn var settur upp í Vetrargarðinum í Smáralind og fékk góðar viðtökur áhorfenda þótt gagnrýnendur væru ekki eins hrifnir. Fólk skeytti ekkert um fylupistla gagnrýnenda og fjölmennti í Smáralindina til þess að sjá Jónsann sinn. Einnig var Sverrir Þór Sverrisson í hlutverki í Fame og laðaði hann yngstu kynslóðina að.



HÁRIÐ Í AUSTURBÆ

Það voru margir hissa þegar ákveðið var að setja upp söngleikinn Hárið sumarið 2004. Hárið og Fame voru í samkeppni um hylli áhorfenda. Gagnrýnendur voru ekkert í skjönunum yfir verkinu en eins og svo oft áður voru áhorfendur ekki á sama máli. Sýningin gekk til áramóta og sáu þúsundir manna verkið í Austurbæ. Það var Rúnar Frey Gíslason sem leikstýrði verkinu en hann lék einmitt í uppfærslunni árið 1994. Með önnur hlutverk fóru Björn Thors, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Selma Björnsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson.

SÖNGLEIKIR Hafa í ÁRATUGI GLATT HJÖRTU MANNFÓLKSINS. ÞÓ VIRÐIST SEM ÞEIR SÉU EKKI ALLTAF JAFN VINSÆLIR. UM MIÐJAN TÍUNDA ÁRATUG SÍÐUSTU ALDAR REIÐ YFIR MIKIL SÖNGLEIKJAALDA HÉR Á LANDI ÞEGAR HÁRIÐ, STONEFREE, DÍSES KRÆST SÚPERSTAR OG FLEIRI GÓÐIR SÖNGLEIKIR VORU SETTIR UPP. ALLIR MÆTTU – ALLIR SÁTTIR. UNDIR LOK SÍÐUSTU ALDAR OG KRINGUM ALDAMÓTIN VORU ÞÓ SÖNGLEIKIR Í LÆGÐ. UNANFARIN ÞRJÚ ÁR VIRÐIST ANNAÐ VERA UPPI Á TENINGNUM OG SUMARSÖNGLEIKIR EIGA AUGLJÓSLEGA UPP Á PALLBORÐIÐ HJÁ ÍSLENSKUM LEIKHÚSGESTUM.

FOOTLOOSE

Enginn sumarsöngleikur var settur upp sumarið 2005 og voru margir svektir yfir því. Skömmu eftir áramót kom þó í ljós að söngleikurinn Footloose yrði settur upp. Leikstjóri átti að vera Unnur Ösp Stefánsdóttir og aðalhlutverk í höndum Höllu Vilhjálmsdóttur og Þorvaldar Davíðs Kristjánssonar. Söngleikurinn var frumsýndur fimmtudaginn 29. júní og hefur fengið frábærar viðtökur og meira að segja hafa gagnrýnendur lofað söngleikinn. Í Morgunblaðinu var söngleikurinn lofaður þó Sússanna Svavarsdóttir – kritiker Fréttablaðsins – væri ekki eins hrifin. Áhorfendur virðast ánægðir og uppselt langt fram í tímann. Það er ljóst að söngleikjaaldan gnæfir nú yfir sem hæst hún má.



GYLLTI KÖTTURINN SLÆR Á LÉTTA STRENGI

GYLLTA GENGIÐ



Það má með sanni segja að það sé gaman að kaupa notuð föt, þau hafa sál, eru einstök og að sjálfsögðu á skemmtilegu verði. Nú hefur Gyllti kötturinn slegið á léttu strengi og er með öðruvísi útsölu en venjan telst. Það er tveir fyrir einn af kjólum, þú kaupir þér einn flottan og færð annan fallegan ókeypis með. Þetta er ekki búið því að allir hælur í búðinni eru á 1.500 og allt annað á 50–70% afslætti. Það má með sanni segja að þetta er dill sem enginn má láta fram hjá sér fara.


UPPSELT

Það á ekki að koma neinum á óvart en það er rækilega uppselt á tónleikana með Nick Cave sem mun rokka upp landann í Laugardalshöllinni 16. september. Síðustu miðarnir á tónleika Nicks Cave seldust upp á laugardaginn. Nick Cave kemur fram ásamt hljómsveit sem skipuð er Bad Seeds-meðlimunum Martyn P. Casey, Jim Scavunos og Warren Ellis. Það er greinilegt að vinsældir Caves fara vaxandi því síðast þegar hann spilaði hér á landi voru tónleikarnir haldnir á Broadway og ekki var alveg uppselt.





www.minnsirkus.is



SIRKUS TV

PÍPÓLA

SÝNINGAR HEFJAST 13. JÚLÍ

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnst lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

HRIKALEG ÁTÖK Á VESTFJÖRÐUM

DAGSKRÁ VESTFJARÐA-VÍKINGSINS

Föstudagur 7. júlí
14.00 Flateyri – steinatök
16.00 Suðureyri – réttstöðulyfta
18.00 Suðureyri – sundlaugargrein

Laugardagur 8. júlí
11.00 Dynjandi – steinar upp fyrir haus
13.30 Þingeyri – kútakast
16.00 Ísafjörður – dekkjavelta

„Það verður tekið alveg rosalega á því,“ segir Guðmundur Otri Sigurðsson reynslubolti úr kraftaheiminum. Í gær hófst kraftakeppnin Vestfjarðavíkingurinn sem fer, eins og nafnið gefur til kynna, fram á Vestfjörðum. Það er óhætt að segja að Vestfirðirnir hafi hrikalegt yfirbragð þegar hver kraftajötunninn á fætur öðrum mætir á svæðið og tekur hrikalega á því.

Árið 1993 var fyrsta aflraunamótið undir þessu nafni haldið á sunnanverðum Vestfjörðum og þátttakendur voru sterkustu menn Íslands á þeim tíma. Guðmundur Otri var meðal þeirra. „Síðan þá hefur mótið verið haldið samfleytt og því er þetta mót hið fjórtánda í röðinni. Ég hef nú ekki alltaf verið með, ætli þetta sé ekki tífunda mótið mitt,“ segir Otri. Keppnin verður alltaf skemmtilegri og veðrið aldrei af verri endanum nema í fyrri, á

þrettánda mótinu, enda þrettán alþekkt óhappatala. Guðmundur Otri segir sportið hafa þróast með árunum enda það sjálfsagt. Hann segir ungu kraftajötnana grjótharða. „Það er að koma upp ný kynslóð sem kemur til með að erfa landið, ef hægt er að tala um að erfa landið í kraftasportinu,“ segir Guðmundur Otri. „Það eru til dæmis Benedikt og Stefán Sölvi sem eru ótrúlega sterkir. Þeir eru það allra besta sem ég hef séð koma fram lengi,“ segir Otri en vill þó alls ekki meina að keppnin sé tveggja turna tal þeirra í millum. „Það eru þarna strákar eins og Jón Valgeir, Arnar og Georg til dæmis sem veita harða keppni. Svo er einn annar ungur sem heitir Svavar sem kemur nýr inn. Ég verð svo þarna að reyna að halda í við þá, gamli maðurinn,“ segir Otri og hlær. Hvernig sem mótið fer þá er eitt nokkuð ljóst – það verður allt lagt í sölurnar.



BENEDIKT MAGNÚSSON ER NAUTSTERKUR
Vestfjarðavíkingurinn hófst í gær. Þar munu kraftajötnar landsins taka á því eins og þeim einum er lagið.



Guðmundur Otri lætur vöðvana vita til hvers þeir eru þarna.



Stefán Sölvi tekur hrikalega á því í Smáralind.

FRÉTTASTOFA GILLZ – ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA!

Það er búið að vera gjörsamlega brjálað að gera hjá fréttastofunni í vikunni og fólk er búið að vera duglegt að senda inn fréttaskot. Það er nú bara eins gott að ég er ekki einn að vinna á þessari fréttastofu því þótt ég sé hrikalegur þá held ég að ég myndi ekki ráða við þetta einn.

FRÉTTASTOFA GILLZ – ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA.

F.O.Í. eða Félag offitusjúklinga á Íslandi gaf sjónvarpsstöðinni Sýn heiðursverðlaun fyrr í vikunni fyrir frábært framtak en sjónvarpsstöðin Sýn er sá staður sem skartar hvað flestum offitusjúklingum á vinnustað. F.O.Í. sagði í viðtali við fréttastofuna að þetta sé eitt hvað sem aðrir vinnustaðir megi taka sér til fyrirmyndar því að þrátt fyrir breiðan bílskúr og kleinuhringjalagað miðsvæði sé þetta fólk duglegt, lífsglatt og geti vel unnið hvaða vinnu sem er. **Hörður Skinka Magnússon** tók við verðlauninum fyrir hönd Sýnar og óskar fréttastofan sjónvarpsstöðinni Sýn innilega til hamingju.



Eyvindur Karlsson sást í röðinni á McDonalds í vikunni og samkvæmt heimildum fréttastofu hefur Eyvindur bætt á sig einu og hálfu kíló á nokkrum dögum og stendur hann núna í 199,5 kílóum. Þó að Eyvindur hafi verið með allt lóðrétt niðrum sig í vikunni þá er ekki hægt að segja það sama um samþylismann hans hann Bjarna töframann en Bjarni er nú fastagestur á Players að háma í sig Gillz og einnig hefur hann verið að taka Hydroxycut og missti hann 1,7 kíló í vikunni og stendur í 173 kílóum. Fréttastofan óskar töframanninum innilega til hamingju.

Fréttastofan hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að **Kristinn Jakobsson** ætli að opna sína eigin sjónvarpsstöð einungis til þess að rýna í vafaatriði sem gerast inni á knattspyrnuvellið en Kristinn hefur slegið í gegn í þættinum 4 4 2 með líflegum innsögum. „Ég mun skoða vafaatriði í dönsku, norsku, sænsku, búlgörsku, þýsku, argentínsku, spænsku, ítölsku, ensku, færeysku og you name it maður! Ef það er dómari einhvers staðar þarna úti sem skítur á sig, þá mun ég fara yfir það! Einnig mun ég fá aðra íslenska dómara í heimsókn og íþróttaspekúlanta eins og Valtý Björn til þess að ræða „by the book“ dóma og hvort að eigi að nota „The Book“ eða beita almennri skynsemi. Þetta verður gríðar-

lega skemmtilegt.“ sagði Kristinn í viðtali við fréttastofu í morgun.

27 ára gamall karlmaður fannst látinn á heimili sínu en hann hefði verið að horfa á Það var lagið á Stöð 2. Fréttastofan hafði samband við sjúkraflutningamenn sem komu að mannum og höfðu þeir þetta um málið að segja: „Við skoðuðum fjarstýringuna hans og það virðist sem að hún hafi verið biluð þannig hann gat hreinlega ekki skipt um stöð, aumingja maðurinn.“ Það er talið hafa gert útslagið að Orkuveituauglýsingin kom ekki einu sinni heldur tvisvar sinnum í auglýsingahléum þáttarins.

Enn og aftur fær sjónvarpsstöðin Sýn verðlaun en Félag þurkaðra einstaklinga á Íslandi veitti sjónvarpsstöðinni verðlaun fyrir að vera sú sjónvarpsstöð sem fær flesta óvirka og virka alka í stúdíóið í spjall um knattspyrnu og ýmislegt tengt íþróttum. Sýn er að gera frábæra hluti og hvetur Fréttastofan alla að splæsa í áskrift að stöðinni.

Hörður Magnússon sást á karókiþar í Þýskalandi um daginn og brá mörgum í brún þegar söngvari sem kallaði sjálfan sig „Die Schinken“ tók lagið Partybæ eftir hljómsveitina Ham. Fréttastofan vissi einfaldlega ekki af þessum dulda hæfileika Harðar en hafði samband við hann og getur nú almennigur pantað skemmtikraftinn „Die Schinken“ með því að senda e-meil á syn@syn.is.

Þorvaldur Davíð hefur verið með allt lóðrétt niðrum sig í sýningum Footloose en aðstandendur sýningarinnar eru hreint ekki ánægðir með frammistöðu Þorvalds. Fréttastofan hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að Sólmundur Hólm Sólmundarson sem sló svo eftirminnilega í gegn í leikritinu Fullkomið brúðkaup hér um árið muni taka við aðalhlutverki sýningarinnar. Ekki náðist í Þorvald Davíð við gerð þessarar fréttar en Sólmundur Hólm hafði þetta um málið að segja: „Núna mega blautu fara að vara sig, Þorvaldur er heitur en hann er enginn Hólm“ en þess má geta að Sólmundur eða Sólvester eins og hann er einnig kallaður er hrikalegur.

Karlmaður á fertugsaldri, starfsmaður Tengis í Kópavogi, var rekinn í vikunni fyrir brot á salernisreglum fyrirtækisins. Maðurinn var grunaður um það að stunda grimmið mök við

sjálfan sig inni á salernisaðstöðum fyrirtækisins en starfsmaðurinn fór á ræstinguna þá sáu vinnufélagar sér leik á borði og spörkuðu hurðinni af hjörunum til þess að sjá hvað hann væri að gera inni á salerninu. Og reyndist grunurinn réttur því að þar sat maðurinn með stífan jónsson í annarri hendinni og papco-pappír í hinni. Var maðurinn rekinn á staðnum og er fréttastofan alls ekki sátt við það og spyr einfaldlega: „Mega menn ekki fróa sér lengur, hvað er í gangi hérna?“

Sést hefur til Kristjáns Ra í miðasölu á leikritinu Footloose en sér hann víst alfarið um peninga- og markaðsmál sýningarinnar. Fréttastofan er mjög ánægð með að svona áreiðanlegur maður sé látinn sjá um peningamálin enda traustur maður þar á ferð. Heyrst hefur að viðskiptamenn Símans fái miðann á hálfvirði.

Ómar Swarez myndlistarmaður og leikari var um daginn látinn taka pokann sinn en Ómar átti að leika hlaupara í myndinni Astrópía. Þegar fréttastofan hafði samband við **Gunnar Björn Guðmundsson** leikstjóra myndarinnar þá öskraði hann: „Hefurðu séð hlaupara með jüllur“ og skellti á. Að sögn heimildarmanna fréttastofu var ástæðan fyrir brottrekstrinum einfaldlega sú að Ómar var kominn með stór og jülluleg kvenmannsbrjóst og var það ekki í takt við karakterinn sem Ómar átti að leika en hann átti að leika hlaupara í góðu líkamlegu ásigkomulagi. En þrátt fyrir þetta þá er Ómar búinn að fá þó nokkur tilbod undanfarið og samkvæmt heimildum fréttastofu mun hann leika í fyrstu íslensku hommaklámsmyndinni þar sem hann leikur rannsóknarlögreglumann sem heitir Detective John Jugs. Aðrir leikarar í myndinni eru meðal annars Jamal Johnson og Dwayne Mohúmba en það eru sömu menn og voru handteknir í síðustu viku fyrir að misnota Ásgeir Kolbeinsson á skemmistaðnum Players í Kópavogi. Mun myndin víst bera nafnið „Locker Room Passion, ass&jugs.“ Myndin er væntanleg í Laugarásbíó í desember.



Fréttastofa Gillz – þorir meðan aðrir þegja.



Einstakt tilboð! Pacific EZ Trommuset 29.900,-

með statífum og diskum

nánar www.hljodfaerahusid.is



Takmarkað
magn!

Framleitt af **dw**
The Drummers Choice


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ